# FRÉTTABLAÐIÐ

78. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 4. APRÍL 2018





Engin niðurstaða náðist á fundi kjaranefndar ljósmæðra og samninganefndar ríkisins í gær. Fjöldi fólks kom saman við skrifstofur ríkissáttasemjara í gær til að sýna ljósmæðrum stuðning. „Við erum þakklát og orðlausar yfir því hvað við höfum mikinn stuðning,“ sagði Áslaug Valsdóttir, formaður Ljósmæðrafélagsins í samtali við Fréttablaðið. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Kvörtuðu til umboðsmanns Alþingis

**Umboðsmaður Alþingis gerir ýmsar athugasemdir við lagatúlkanir Seðlabanka Íslands og nýjar starfsreglur bankaráðs. Fyrrverandi bankaráðsmenn kvörtuðu til umboðsmanns og töldu að svigrúm bankaráðs til að sinna eftirlitshlutverki sínu hefði verið takmarkað.**

**VIÐSKIPTI** Tveir fyrrverandi bankaráðsmenn Seðlabanka Íslands, Jón Helgi Egilsson og Ragnar Árnason, kvörtuðu til umboðsmanns Alþingis yfir viðleitni sem þeir töldu að átt hefði sér stað innan bankans til þess að takmarka svigrúm bankaráðs til þess að gegna lögbundnu eftirlitshlutverki sínu.

Í bréfi sem umboðsmaður skrifaði til bankaráðs og forsætisráðherra í desember í fyrra og Markaðurinn hefur undir höndum voru ýmsar athugasemdir gerðar við starfsreglur ráðsins, sem samþykktar voru 2016, og var jafnframt áréttað að gæta þyrfti þess að með reglunum væri ekki þrengt að eftirlitshlutverki bankaráðsins.

Umboðsmaður sagðist í bréfinu hafa sett fram ábendingar með það að leiðarljósi að bankaráðið tæki til skoðunar hvort tilefni væri til að bregðast við þeim. Þórunn Guðmundsdóttir, formaður bankaráðs Seðlabankans, segir að í ljósi þess að starfstími núverandi bankaráðs sé senn á enda hafi verið ákveðið að leggja málið til hliðar í bili.

> **Ekki verður séð að ráðningarvald og stjórnunarréttur yfirmanna bankans gagnvart einstökum starfsmönnum geti fellt brott þennan upplýsingarétt bankaráðs.**
>
> Úr bréfi setts umboðsmanns Alþingis til bankaráðs Seðlabanka Íslands

Hvað varðar það ákvæði í starfsreglunum að bankaráðið geti ekki leitað til starfsmanna bankans nema að höfðu samráði við seðlabankastjóra, þá tekur umboðsmaður fram að hluti af upplýsingaöflun bankaráðs kunni að felast í því að óska eftir að starfsmenn bankans mæti á fund ráðsins til þess að veita þar milliliðalaust upplýsingar og svara spurningum.

Ekki verði séð að stjórnunarréttur yfirmanna bankans gagnvart einstökum starfsmönnum geti fellt brott þennan upplýsingarétt bankaráðs nema mælt sé fyrir um slíkt í lögum.

Í bréfinu nefnir umboðsmaður auk þess að ekki verði séð að fjarvera seðlabankastjóra geti alfarið komið í veg fyrir að bankaráðið haldi fund, líkt og Seðlabankinn hefur haldið fram. „Ég tel því að það sé að minnsta kosti ekki einhlít túlkun á ákvæðinu að bankaráðsfundir verði ekki haldnir nema að bankastjóri sjái sér fært að mæta þótt almennt sé gert ráð fyrir að hann sitji fundi þess,“ segir í bréfinu. **– hae, kij / sjá Markaðinn**

## Bannstefnan bitnar mest á þeim veikustu

**HEILBRIGÐISMÁL** Verkefnastjóri hjá Frú Ragnheiði segir ekki duga að beita siðferðiskenndinni gegn ofneyslu lyfseðilsskyldra lyfja.

„Á meðan við erum föst í því að refsa og banna og þurfum alltaf að taka afstöðu til þess hvort þetta er rétt eða rangt, þá náum við aldrei lengra,“ segir Svala Jóhannesdóttir verkefnastjóri. Hún gagnrýnir nálgun yfirvalda á vandann sem fylgir ofneyslu lyfseðilsskyldra lyfja sem ganga kaupum og sölum á svörtum markaði.

„Þegar Embætti landlæknis fer í átak gegn framboði þessara lyfja á ólöglega markaðnum, þá breytir það ekki eftirspurninni þótt framboðið minnki. En verðið hækkar hins vegar,“ segir Svala. **– aá /** **sjá síðu 4**

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Ögmundur Jónasson skrifar um heimsvaldastefnu og stríðið í Sýrlandi. **11**



**SPORT** Manchester City mætir Liverpool á Anfield í fyrri leik liðanna í 16-liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu í kvöld. Þeir bláklæddu hafa ekki átt góðu gengi að fagna á Anfield undanfarin ár. **12**

**MENNING** Barnakvikmyndahátíð hefst í Bíói Paradís á morgun með opnunarhátíð. **18**

**LÍFIÐ** Miðar á tónleika Skálmaldar og Sinfó í ágúst seldust upp á örskotsstundu. **22**

**PLÚS SÉRBLAÐ** ● **FÓLK**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015







## Veður




Stíf norðlæg átt í dag og svalt í veðri, einna hvassast austast. Léttskýjað sunnan og suðvestan til, en áfram snjókoma eða él annars staðar.

SJÁ SÍÐU 16

# Fást milljarðar fyrir Söknuð?

**DÓMSTÓLAR** Jóhann Helgason tónlistarmaður hyggur á málsókn gegn Universal Music, norska lagahöfundinum Rolf Løvland og fleirum vegna meints stuldar á laginu Söknuður „og sölu þess í um hundrað milljónum eintaka á undanförnum árum undir heitinu You raise me up,“ eins og segir í fréttatilkynningu.

**97%**

**skyldleiki er talinn vera með lögunum Söknuði og You Raise Me Up.**



**Jóhann Helgason tónlistarmaður.**

You raise me up er heimsþekkt í flutningi Josh Groban. Fram kemur í tilkynningunni að lag Jóhanns hafi verið samið við texta Vilhjálms Vilhjálmssonar sem söng það inn á plötu árið 1977. Á blaðamannafundi í dag verði kynnt ný ensk útgáfa lagsins undir heitinu Into the light. Henni sé ætlað að undirstrika mikinn skyldleika laganna.

„Á fundinum verður einnig kynnt sérfræðiálit sem unnið var fyrir STEF þar sem tónskylt efni laganna er metið allt að 97 prósent. Gert er ráð fyrir að kostnaður við málaferlin verði á annað hundrað milljónir króna og að kröfur um ógreidd höfundarlaun og skaðabætur geti hlaupið á milljörðum króna,“ segir í tilkynningunni.

Jóhann hefur áður reynt fyrir sér ytra með málshöfðun vegna þessa meinta lagastuldar en varð að leggja árar í bát vegna hins mikla kostnaðar sem fylgdi málarekstrinum. **– gar**

# Leiðarljós við Höfða



**Gamli vitinn á Sjómannaskóla Íslands við Háteigsveg heyrir brátt sögunni til en vinna er hafin við byggingu nýs innsiglingarvita á móts við Höfða. Útlit vitans verður hið sama og á þeim við Austurhöfn og Eyjagarð að viðbættum útsýnispalli umhverfis vitann. Byggingin er samstarfsverkefni borgarinnar og Faxaflóahafna og er áætlað að nýr viti verði tilbúinn í júní á þessu ári.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Skotárás í höfuðstöðvum YouTube

**BANDARÍKIN** Skotum var hleypt af við höfuðstöðvar YouTube í San Bruno í Kaliforníu í gærkvöld. Þegar Fréttablaðið fór í prentun var blaðamannafundi lögregluyfirvalda í San Bruno nýlokið.

Ed Barberini lögreglustjóri staðfesti að fjórir hefðu verið fluttir á sjúkrahús vegna skotsára. Þá hefði árásarmaðurinn fundist látinn, eftir að hafa svipt sig lífi. Samkvæmt lögregluyfirvöldum var árásarmaðurinn kona.

Um 1.700 manns starfa í höfuðstöðvum YouTube sem eru í um 20 kílómetra fjarlægð frá miðborg San Fransisco.

Viðbúnaður lögreglu á svæðinu var gífurlega mikill. Eftir að hafa umkringt bygginguna var fólki hægt og rólega hleypt út og leitaði lögregla á fólki. **– gþs**

BRAUÐOSTUR Á TILBOÐI!

Nú færðu Brauðost 26% í sérmerktum umbúðum í næstu verslun.




# Grunar að enn sé herjað á hreiður fálka

**Vísbendingar eru um að eggjaþjófar séu enn að spilla fyrir varpi fálka. Skilja hænuegg eftir til að villa um fyrir fuglinum og fá hann til að liggja lengur á. „Eitthvað sem á ekki að líðast,“ segir fuglafræðingur hjá Náttúrufræðistofnun.**

**NÁTTÚRA** „Mig grunar sterklega að það sé herjað á hreiður þeirra,“ segir Ólafur K. Nielsen, fuglafræðingur á Náttúrufræðistofnun Íslands.

Ólafur hefur um margra ára bil fylgst með varpi fálkans. Hann ferðast árlega um 5.000 ferkílómetra svæði í Norður- og Suður-Þingeyjarsýslu við rannsóknir sínar.

Karlmaður var staðinn að verki við að smygla eggjum úr friðuðum íslenskum fuglum í ágúst í fyrra. Slík mál heyra til undantekninga nú til dags og mörg ár eru liðin frá því að menn voru staðnir að verki með fálkaegg. Ólafur segir þó vísbendingar um að eggjaþjófar séu enn að valda búsifjum hjá fálkanum. Ein mikilvæg vísbending er sú að á ákveðnum óðölum, þar sem fullorðnir kynþroska fuglar reyna varp flest ár, gengur ákaflega illa að koma upp ungum. Ólafur segir að fullorðnu fuglarnir séu þarna, þeir sjást jafnvel liggja á eggjum. En stundum hverfi öll eggin nema eitt og í sumum tilfellum er búið að setja hænuegg í staðinn.

Eggja- og ungaþjófnaður var mjög áberandi snemma á níunda áratug síðustu aldar. „Þetta voru útlendingar og það var enginn túrismi byrjaður á þessum árstíma þegar þeir komu. Þessir menn voru mjög áberandi og fóru í sömu hreiður ár eftir ár. Þeir reyndu ekkert að leyna ferðum sínum til að byrja með,“ segir Ólafur. Þótt eggjaþjófnaðurinn sé ekki eins áberandi í dag er ekki þar með sagt að vandinn sé úr sögunni.

Ólafur segir ekkert víst að það séu útlendingar sem taki eggin og karlmaðurinn sem var tekinn í fyrra var



**Þjófnaður á eggjum úr fálkahreiðrum er ekki eins áberandi í dag og hann var áður. Það er ekki þar með sagt að vandinn sé úr sögunni.** MYND/ÓLAFUR NIELSEN

> **Þrátt fyrir langa friðunarsögu þá er herjað bæði á fullorðnu fuglana og eins er verið að steypa undan fálkum.**
>
> Ólafur K. Nielsen fuglafræðingur

Íslendingur. „Ég veit að þessi óðöl eru heimsótt á hverju ári af mönnum sem eru íslenskir,“ segir hann.

Ólafur segir að eggjaþjófnaðurinn sé ekki eina hættan sem steðji að fálkanum. Þó að fuglinn hafi verið friðaður í meira en mannsaldur sé fjórðungur fugla, sem berist dauðir til stofnunarinnar og eru krufnir, með áverka sem bendi til þess að skotið hafi verið á þá. „Þrátt fyrir langa friðunarsögu þá er herjað bæði á fullorðnu fuglana og eins er verið að steypa undan fálkum,“ segir Ólafur.

Ólafur segir þó miðað við þá mynd sem blasi við í Þingeyjarsýslu þá ógni hvorki eggjaþjófnaðurinn né skotárásirnar á fuglana stofninum. „En þetta er eitthvað sem á ekki að líðast,“ bætir hann við.

Varp fugla er að hefjast um þessar mundir. Hrafninn og auðnutittlingurinn fara snemma af stað og eru líklegast byrjaðir. „Fálkinn er meðal annars einn af þeim fuglum sem verpa mjög snemma og síðan tekur ein tegundin við af annarri,“ segir Ólafur. **jonhakon@frettabladid.is**


Fjórhjóladrifinn með
sjálfstraustið í genunum.
Nýr T-Roc. Nýjasta stjarnan frá Volkswagen.
Nýr T-Roc geislar af öryggi og akstursgleði, fæst bæði fjórhjóla- og framhjóladrifinn, beinskiptur og sjálfskiptur. Hann er búinn nýjustu tækni og búnaði sem breytir akstrinum í eitthvað ómótstæðilegt. Komdu og prófaðu nýjan T-Roc sem gerir allt vitlaust hvar sem hann kemur.
Volkswagen T-Roc
Verð frá aðeins
3.290.000 kr.
FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU
5
Við látum framtíðina rætast.
Volkswagen
www.volkswagen.is
HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ
5 ára ábyrgð fylgir fólksbílum HEKLU að uppfylltum ákvæðum ábyrgðarskilmála. Þá er að finna á www.hekla.is/abyrgd
FO L94



Carles Puigdemont. NORDICPHOTOS/AFP

## Vilja framselja Puigdemont

**ÞÝSKALAND** Saksóknarar í þýska bænum Schleswig fóru í gær fram á við dómstóla að Carles Puigdemont, fyrrverandi forseti héraðsstjórnar Katalóníu, yrði framseldur til Spánar. Í tilkynningu kom fram að ákvörðunin hafi verið tekin eftir vandlega yfirferð yfir evrópska handtökuskipun sem Spánverjar gáfu út á dögunum.

Puigdemont hefur verið í haldi í fangelsinu í Neumünster frá 25. mars, eða allt frá því hann kom til Þýskalands frá Danmörku. Hann hefur undanfarna mánuði verið í sjálfskipaðri útlegð.

Ríkissaksóknari Spánar gaf út ákæru á hendur honum, og öðrum fyrrverandi ráðherrum katalónsku héraðsstjórnarinnar, í fyrra vegna ólöglegrar þjóðaratkvæðagreiðslu októbermánaðar þar sem Katalónar samþykktu að lýsa yfir sjálfstæði. Er Puigdemont ákærður fyrir uppreisn gegn spænska ríkinu. – þea

## Úrskurðaður í gæsluvarðhald

**SAKAMÁL** Maðurinn sem fannst látinn að Gýgjarhóli II að morgni laugardags lést af völdum áverka. Þetta eru bráðabirgðaniðurstöður eftir krufningu réttarmeinafræðings á líki mannsins.

Oddur Árnason yfirlögregluþjónn staðfesti að bróðir hins látna sitji í gæsluvarðhaldi, grunaður um morðið.

Þriðja bróðurnum var sleppt að loknum skýrslutökum á laugardag en ekki hafa farið fram yfirheyrslur yfir hinum grunaða síðan þá. Oddur sagði enn fremur að á þessu stigi málsins leitaðist lögreglan við að halda að sér höndum í allri upplýsingagjöf vegna rannsóknarhagsmuna. – gþs

» Bróðir hins látna hefur verið úrskurðaður í gæsluvarðhald.

# Segir refsistefnu yfirvalda koma verst niður á veikasta hópnum

**Verkefnastjóri hjá Frú Ragnheiði segir ekki duga að beita siðferðiskenndinni gegn ofneyslu lyfseðilsskyldra lyfja. Vinnan þurfi að vera mun faglegri og upplýsingagjöfin betri. Margs konar skaðaminnkandi úrræði geta gagnast. Notendurnir sjálfir upplifa virðingarleysi og sorg en sorg þeirra er ekki samfélagslega viðurkennd.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Á meðan við erum föst í því að refsa og banna og þurfum alltaf að taka afstöðu til þess hvort þetta er rétt eða rangt, þá náum við aldrei lengra,“ segir Svala Jóhannesdóttir, verkefnastjóri hjá Frú Ragnheiði. Hún gagnrýnir nálgun Landlæknisembættisins og annarra yfirvalda á vandann sem fylgir ofneyslu lyfseðilsskyldra lyfja sem ganga kaupum og sölum á svörtum markaði.

Svala segir nauðsynlegt að yfirvöld komist út úr því að byggja áherslu sína á siðferðislögmálum um rétt og rangt. „Við getum gert mun betur en þurfum miklu faglegri vinnu.“

Hún segir það ekki hafa skilað árangri að reyna að takmarka framboð þessara lyfja á hinum ólöglega markaði, enda muni sá hópur sem hefur þróað með sér fíknivanda og er orðinn háður þessum efnum, ekki hætta þótt aðgengið verði erfiðara.

„Þegar Embætti landlæknis fer í átak gegn framboði lyfseðilsskyldra lyfja á ólöglega markaðinum, þá breytir það ekki eftirspurninni þótt framboðið minnki. En verðið hækkar hins vegar,“ segir Svala og tekur sem dæmi að verð á morfínskyldum lyfjum á ólöglega markaðinum hafi tvöfaldast á einu og hálfu ári og notandi sem var að greiða 4.000 kr. fyrir eina töflu af Contalgin, greiði 8.000 krónur fyrir hana í dag. Hún segir aðgerðir yfirvalda geti með þessu móti komið gríðarlega hart niður á veikasta hópnum sem fjármagni neyslu sína með þjófnaði; innbrotum í bíla og fyrirtæki og með kynlífsþjónustu sem hún segir að sé mjög vaxandi fjármögnunarleið.

Ef stemma eigi stigu við þessum vanda þurfi að hugsa aðgerðirnar heildrænt og hver áhrif þeirra geti orðið hjá þeim hópum sem málið varðar.

„Það hefði verið eðlilegast að samkeyra svona átak með inngripum til að reyna að koma í veg fyrir þessi neikvæðu áhrif á veikasta fólkið. Til dæmis með því að bjóða upp á viðhaldsmeðferð út frá skaðaminnkun.“

Skaðaminnkandi viðhaldsmeðferð myndi tryggja notendum sem ánetjast hafa til dæmis morfínlyfjum öruggari og heilsusamlegri lífsskilyrði, aukið öryggi í daglegu lífi og tækifæri til að lifa innan ramma laganna í stað þess að þurfa að stela eða selja sig fyrir lyfjaskammti.

„Þessir notendur skilja ekki af hverju, eftir allan þennan tíma, þeir geta ekki bara fengið efnið. Þeir myndu þá bara mæta á einhvern stað, fá efnið, þurfa að nota það á staðnum og í læknisfræðilegum tilgangi.“ Svala segist þekkja til lækna sem hafi í rauninni tekið fólk í viðhaldsmeðferð í þeim tilgangi að halda því frá vændi og bæta lífsskilyrði þess. „Þeir eru bara í mannúðarstarfi í rauninni.“



Skaðaminnkunarverkefni Rauða krossins, Frú Ragnheiður, hefur verið starfrækt í Reykjavík um nokkurra ára skeið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> Svo er rosaleg sorg í hópnum. Það eru svo margir vinir búnir að deyja. Og þeirra sorg er heldur ekki samfélagslega viðurkennd af því þau eru í neyslu.
>
> Svala Jóhannesdóttir, verkefnastjóri Frú Ragnheiðar



**10**

**manns leituðu til bráðadeildar Landspítala vegna ofskömmtunar lyfja um páskahelgina.**

Aðspurð segir Svala skjólstæðinga Frú Ragnhildar upplifa virðingarleysi frá stjórnvöldum og mörgum líði eins öllum sé sama. Alltaf komi nýjar reglugerðir sem geri þeim lífið erfiðara. Hún bendir á að margir hafi verið notendur í áratugi og hafi alla tíð neytt til að kaupa efnin á ólöglega markaðinum. Fæsta langi hins vegar að tilheyra þeim heimi.

„Svo er rosaleg sorg í hópnum. Það eru svo margir vinir búnir að deyja. Og þeirra sorg er heldur ekki samfélagslega viðurkennd af því þau eru í neyslu,“ segir Svala og bætir við að öll áföll eins og sorg, auki einnig líkur á enn meiri notkun.

Svala nefnir fleiri inngrip til skaðaminnkunar og leggur mikla áherslu á upplýsingaflæði. Landlæknisembættið þurfi að upplýsa hvað er að mælast í blóði þeirra sem látast eða koma á slysadeild vegna ofskömmtunar. Þá sé hægt að bregðast við með gagnreyndum aðferðum til að draga úr hættu á að fólk deyi. „Ef við viljum halda fólki á lífi þurfum við að skoða hvers vegna það er að ofskammta; hvað liggur þarna að baki og hvað hefur sýnt árangur annars staðar.“

Svala minnir á að það eru notendur sjálfir sem oftast eru fyrstir á vettvang ef um ofneyslu er að ræða. Notendur þurfi þjálfun í endurlífgun og þeir þurfa upplýsingar um lífshættuleg efni sem gætu verið í umferð. Þá nefnir Svala sérstaklega lyfið Naloxone sem verið hafi í umræðunni að undanförnu, en notendur hafa lagt áherslu á að hafa aðgang að þessu mótefni gegn morfíneitrun til að geta bjargað lífi félaga sinna komi til ofskömmtunar. Einungis heilbrigðistarfsfólk hafi aðgang að þessu lyfi en unnt væri að bjarga lífi margra ef bæði notendurnir sjálfir og aðrir sem líklegir eru til að koma fyrstir á vettvang hafi aðgang að lyfinu.

adalheidur@frettabladid.is


FRUMSÝNUM 7. APRÍL

JEEP® GRAND CHEROKEE MEÐ 33” BREYTINGU

RAM 3500 MEÐ 40” BREYTINGU





Birt með fyrirvara um prentvillur.

Jeep

RAM

ÍSBAND

ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ

Umboðsaðili Jeep og RAM Trucks - Þverholti 6 - 270 Mosfellsbær - s. 534 4433 - www.jeep.is

www.ramisland.is - www.isband.is - isband@isband.is - Opið virka daga 10-18 - Laugardaga 12-16

SMÁRALIND




**ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR AF NÝJUM VÖRUM**

SKOÐAÐU TILBOÐIN Á SMARALIND.IS

OPIÐ: VIRKA DAGA 11-19 FIMMTUDAGA 11-21 LAUGARDAGA 11-18 SUNNUDAGA 13-18 WWW.SMARALIND.IS FACEBOOK INSTAGRAM SNAPCHAT

# Árborg fagnar plokkurum

**UMHVERFISMÁL** „Sveitarfélagið Árborg fagnar því að íbúar skuli tilbúnir að leggja hönd á plóginn við að hreinsa til í umhverfinu,“ segir í frétt á vef sveitarfélagsins.

Segir í fréttinni að það nýjasta í umhverfisvernd sé svokallað „plokk“ sem sé þegar fólk sameini skokk, gönguferðir eða hjólatúra því að tína upp rusl á víðavangi. „Oft safnast plast og annað rusl fyrir á opnum svæðum og í gróðri, einkum eftir vindasama vetur.

Ruslhreinsun á vegum sveitarfélagsins fer ekki af stað af krafti fyrr en sumarstarfsfólk umhverfisdeildar kemur til starfa í maí, og er framtak íbúa því kærkomið.“ Skila megi sorpi á gámasvæðið við Víkurheiði. – **gar**



**Rusl hirt við Ægisíðu.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

SKOÐAÐU ÚRVALIÐ Á VEFSÍÐUNNI OKKAR
www.skornirthinir.is

ÖRUGG SKREF
ÚT Í LÍFIÐ

í fyrstu skónum frá Biomecanics



Biomecanics-skórnir auðvelda börnum að taka fyrstu skrefin. Aukinn stuðningur frá hliðunum bætir jafnvægi og eykur stöðugleika. Börnin komast auðveldar áfram og af meira öryggi þökk sé sveigjanlegum sóla og sérstyrktri tá.



biomecanics®

Stærðir: 18–24
Verð: **7.995**
Margir litir

skórnir þínir
SMÁRALIND • 2 HÆÐ



Ársfundur Veðurstofu Íslands 2018

Tekist á við náttúruöflin

Ársfundur Veðurstofu Íslands verður haldinn á Veðurstofunni að Bústaðavegi 7, fimmtudaginn 5. apríl 2018, kl. 9.00–11.00.

Boðið er upp á morgunverð frá kl. 8.00.

Dagskrá:

*Ávarp*
Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra

*Spáð í framtíðina*
Árni Snorrason, forstjóri

*Náttúruvá: Mikilvægi hættu- og áhættumats*
Jórunn Harðardóttir, framkvæmdastjóri Úrvinnslu- og rannsóknarsviðs
Sigrún Karlsdóttir, náttúruvárstjóri

*Öræfajökull: Þegar risi krælir á sér*
Kristín Jónsdóttir, hópstjóri náttúruvárvöktunar
Matthew James Roberts, yfirverkefnisstjóri áhættumats

*Skaftárhlaup: Tengsl hættumats og skipulagsmála*
Davíð Egilson, fagstjóri á sviði vatnafræði
Esther Hlíðar Jensen, sérfræðingur á sviði landupplýsingakerfa og aurburðarrannsókna

Fundinum verður streymt. Nánari upplýsingar á vedur.is eða Facebook Veðurstofu Íslands.

Fundargestir eru beðnir um að skrá þátttöku á netfangið skraning@vedur.is eða í síma 522 6000.

*Allir velkomnir.*

Veðurstofa Íslands



**Auglýsingabannið felur í sér mismunun gagnvart innlendum framleiðendum og fjölmiðlum, segir Ólafur.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Fjölmiðlar greitt háar sektir vegna auglýsinga

**Framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda segir bann við áfengisauglýsingum fela í sér fráleita mismunun gagnvart framleiðendum og fjölmiðlum. Fjölmiðlar hafa undanfarið þurft að greiða 5,3 milljónir í sektir vegna áfengisauglýsinga.**

**FJÖLMIÐLAR** Þau góðu rök sem ráðherra segir að þurfi að vera fyrir hendi til að bann við áfengisauglýsingum í fjölmiðlum verði afnumið liggja fyrir og eru öllum ljós. Þetta segir Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda (FA). Á tímabilinu frá 2015 til 2017 hefur íslenskum fjölmiðlum verið gert að greiða alls 5,3 milljónir króna í stjórnvaldssektir fyrir að brjóta gegn banni við áfengisauglýsingum, banni sem Ólafur segir fela í sér fráleita mismunun.

Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, sagði í Fréttablaðinu í gær að lýðheilsusjónarmið muni fyrst og fremst ráða för þegar afstaða verður tekin til tillögu nefndar um bætt rekstrarumhverfi fjölmiðla um að bann við áfengisauglýsingum verði afnumið. Góð rök þurfi að vera fyrir því að lögunum verði breytt.

Ólafur segir reynslu og rannsóknir annarra ríkja sýna að áfengisauglýsingar auki ekki neyslu áfengis sem slíks, heldur hafi fremur áhrif á hvaða tegunda áfengis fólks neytir.

„Neysla áfengis hefur aukist gríðarlega hér undanfarin ár, án þess að auglýsingar hafi verið leyfðar. Þetta hangir því ekki saman.“

Sanngirnis- og viðskiptarök fyrir því að leyfa áfengisauglýsingar eru einnig skýr að mati Ólafs.

> **Neysla áfengis hefur aukist gríðarlega undanfarin ár, án þess að auglýsingar hafi verið leyfðar.**
>
> 
>
> Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda

„Hér sér fólk mjög mikið af áfengisauglýsingum, á samfélagsmiðlum sem heyra ekki undir lögsögu íslenskra stjórnvalda, í tímaritum og blöðum sem flutt eru hingað inn og beinum útsendingum, ekki síst frá íþróttakappleikjum. Hingað streyma inn auglýsingar frá alþjóðlegum vörumerkjum á sama tíma og innlendum framleiðendum er bannað að auglýsa sína vöru.“

Ólafur gagnrýnir að nýtt áfengisfrumvarp Þorsteins Víglundssonar og fleiri þingmanna sé því afturför frá fyrra frumvarpi hvað þetta varðar og valdi vonbrigðum.

„Þetta er allt saman fráleitt viðskipta- og markaðsumhverfi fyrir vaxandi atvinnugrein sem er innlend áfengisframleiðsla.“

Fréttablaðið tók saman úrskurði á vef Fjölmiðlanefndar sem snúa að brotum gegn banni við áfengisauglýsingum. Tíu mál er þetta varðar hafa komið inn á borð nefndarinnar, öll á árunum 2015 til 2017. Þar hefur fjölmiðlum verið gert að greiða alls rúmar 5,3 milljónir króna í stjórnvaldssektir. Bæði Ríkisútvarpið og 365 miðlar hafa í þrjú skipti hvort þurft að greiða sektir. Ríkisútvarpið rúmlega 1,3 milljónir og 365 miðlar rúmar 3,2 milljónir en DV 750 þúsund krónur í eitt skipti. Fjölmargir dómar hafa að auki fallið í málum sem þessum fyrir dómstólum í gegnum tíðina.

Ólafur segir FA hafa útbúið drög að siðareglum um áfengisauglýsingar sem félagsmenn þeirra myndu undirgangast ef þær yrðu leyfðar. Þar sé kveðið á um að auglýsingum verði ekki beint að börnum og unglingum né heldur verði áhrif og ímynd áfengisneyslu fegruð með nokkrum hætti. Hluti þessara skilyrða var að sögn Ólafs tekinn inn í nýja áfengisfrumvarpið, sem setji framleiðendum þó enn of þröngar skorður og viðhaldi mismunun.

„Góðu rökin fyrir því að afnema þetta auglýsingabann liggja alveg fyrir. Meginatriðið er að bannið skilar ekki tilgangi sínum og bitnar fyrst og fremst á sumum fjölmiðlum og framleiðendum en ekki öllum.“

**mikael@frettabladid.is**

# Íbúðir í byggingu um allt Vesturland

**FASTEIGNAMARKAÐUR** Íbúðir eru í byggingu í flestöllum sveitarfélögum á Vesturlandi og skortur á íbúðum mestur á Akranesi og í Hvalfjarðarsveit.

Þetta kemur fram í hagvísi Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi sem unninn var af Vífli Karlssyni, doktor í hagfræði við Háskólann á Akureyri.

„Heilt yfir standa sveitarfélög á Vesturlandi sig nokkuð vel í að bjóða lóðir til íbúðabygginga þar sem tilbúnar lóðir eru á bilinu tvö til 39 prósent af fjölda íbúða í viðkomandi sveitarfélögum. Í flestum tilvikum er þar um hreina fjölgun íbúa á íbúðamarkaði í viðkomandi sveitarfélagi að ræða,“ segir Vífill.

Íbúðaverð hefur hækkað mikið á Íslandi síðustu árin og hefur Vesturland ekki farið varhluta af þeirri hækkun.

Íbúðum á Vesturlandi hefur fjölgað um þriðjung frá árinu 1994 eða öllu minna en á Suðurnesjum, Suðurlandi og á höfuðborgarsvæðinu. Íbúðum á höfuðborgarsvæðinu hefur fjölgað um helming, örlítlu minna á Suðurlandi en um rúmlega 80 prósent á Suðurnesjum.

Síðastliðið haust, þegar könnun var gerð meðal sveitarfélaga á Vesturlandi, kom í ljós að 192 íbúðir voru í byggingu, flestar á Akranesi og í Borgarbyggð. Einnig voru margar lóðir tilbúnar fyrir byggingar í öðrum sveitarfélögum á svæðinu. – **sa**

NÝR RANGE ROVER VELAR 2018

# SIGURVEGARI WORLD CAR DESIGN OF THE YEAR

LAND ROVER

ABOVE & BEYOND

landrover.is



WINNER
WORLD CAR AWARDS
2018 WORLD CAR DESIGN OF THE YEAR

ENNEMM / SÍA / NM87487

Verð frá 9.990.000 kr. Velar á mynd er FIRST EDITION útgáfa: Touch Pro Duo afþreyingarkerfi með tveimur 10" snertiskjám, 8 þrepa sjálfskipting, fjórhjóladrif með virkri togstjórnun, eldsneytisnotkun frá 5,4 l/100 km*, $CO_2$ frá 142 g/km.

**LAND ROVER**
HESTHÁLSI 6-8, 110 REYKJAVÍK
SÍMI: 525 6500

VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR

# Hryðjuverkasamtök stefna á þingsæti

**Bandaríkin setja pakistanskan stjórnmálaarm hryðjuverkasamtaka sem drápu á annað hundrað í Mumbai á hryðjuverkasamtakalistann. Flokkurinn, Milli Muslim League, hyggur á framboð í fyrsta sinn. Forsprakkinn, Hafiz Saeed, er einn eftirlýstasti maður heims.**

**PAKISTAN** Nafn pakistanska stjórnmálaflokkssins Milli Muslim League (MML) var í fyrrinótt ritað á lista Bandaríkjamanna yfir erlend hryðjuverkasamtök. Forsprakkar MML voru jafnframt settir á lista yfir þekkta hryðjuverkamenn. Flokkurinn er sagður útibú hryðjuverkasamtakanna Lashkar-e-Taiba en þau samtök hafa verið á sama lista um nokkurt skeið.

Þingkosningar fara fram í Pakistan í júlí á þessu ári. Hefur MML hug á því að bjóða sig fram í fyrsta sinn. Í október ógilti hæstiréttur úrskurð landskjörstjórnar um að MML fengi ekki leyfi til framboðs vegna meintra tengsla við hryðjuverkasamtök. Annan í páskum var MML svo gert að skila inn nauðsynlegum eyðublöðum til þess að hægt væri að skrá flokkinn formlega, að því er India Times greinir frá.

Utanríkisráðuneytið bandaríska sagði í yfirlýsingu í gær að MML væru leppsamtök, stofnuð til þess að sleppa við þvingunaraðgerðir. Um væri að ræða ofbeldisfullu hryðjuverkasamtökin Lashkar-e-Taiba þótt nafnið væri ekki hið sama.

MML-liðar brugðust illa við ákvörðun Bandaríkjamanna.

„Við höfnum þessari tilraun Bandaríkjamanna til að grafa undan pakistönsku fullveldi. Við erum friðsamlegur stjórnmálaflokkur sem starfar eftir ákvæðum pakistönsku stjórnarskrárinnar,“ sagði Tabish Qayyum, upplýsingafulltrúi MML, á Twitter og bætti við að um áróður og lygar væri að ræða.

Ljóst er að MML ætlar sér stóra hluti í þingkosningum júlímánaðar og fái flokkurinn að bjóða sig fram þrátt fyrir hryðjuverkasamtakaorðsporið er ljóst að málflutningur hans mun setja svip sinn á kosningabaráttuna.

Flokkurinn hefur hins vegar ekki mælst í skoðanakönnunum hingað til, enda ekki formlega kominn í framboð. Þó sýna nýlegar skoðanakannanir að rúm tuttugu prósent hyggjast ekki kjósa þrjá stærstu flokka Pakistans.

Kosningarnar verða þær fyrstu frá því Nawaz Sharif forsætisráðherra sagði af sér eftir að hæstiréttur úrskurði hann sekan í máli sem kom upp eftir leka Panama-skjalanna svokölluðu. thorgnyr@frettabladid.is


Hafiz Saeed á baráttufundi á Kasmír-deginum í febrúar. NORDICPHOTOS/AFP

> Miðað við skoðanir og fyrri verk Saeeds er pólitískur metnaður hans áhyggjuefni enda eru 130 kjarnorkusprengjur í vopnabúri Pakistans.

## Sterk tengsl flokksins við hryðjuverkasamtök

MML er nátengdur hinum illræmda Hafiz Saeed. Er hann sagður pólitískur armur „góðgerðarsamtaka“ Saeed, Jamaat-ud Dawa. Saeed er svo sjálfur forsprakki hryðjuverkasamtakanna Lashkar-e-Taiba.

Samtökin eru meðal annars sögð bera ábyrgð á hryðjuverkaárásunum á Mumbai árið 2008. Gerðu þá tíu meðlimir samtakanna tólf skot- og sprengjuárásir á fjórum dögum. Að minnsta kosti 166 fórust í árásunum og rúmlega 600 særðust.

Bandaríkin settu tíu milljónir dala til höfuðs Saeed árið 2012. Hins vegar hafa pakistönsk stjórnvöld lítið vilja hafa afskipti af manninum. Saeed var í stofufangelsi lungann úr síðasta ári en var sleppt í nóvember. Hann hefur þó aldrei þurft að svara fyrir hryðjuverkin, sem hann neitar reyndar ábyrgð á.

Saeed hefur undanfarna mánuði fengið að athafna sig í heimalandinu án afskipta stjórnvalda. Hefur hann haldið baráttufundi og verið í forgrunni kosningabaráttu MML, að því er pakistanskir fjölmiðlar greina frá. Myndir af honum hafa prýtt bæklinga og plaköt MML og er Saeed sagður njóta nokkurs stuðnings í heimalandinu.

Á meðal þeirra skoðana sem Saeed heldur á lofti er það að heilagt stríð um Kasmír-hérað sé skylda íslamskra stjórnvalda. Hefur hann verið kenndur við öfgaíslam og mikla andstöðu við Indland.





Citroën Grand C4 Picasso er rúmgóður 7 sæta fjölskyldubíll, þar sem öll sætin í miðjuröðinni eru jafn stór og á sleðum. Með Isofix festingum getur þú jafnvel komið fyrir 3 barnabílsstólum í sömu sætaröð. Öftustu sætin eru einnig stök og fellanleg niður í gólf sem býður uppá mikinn sveigjanleika.



Veldu þægindi fyrir þig og fjölskylduna. Þú færð Citroën Grand C4 Picasso 7 sæta á frábæru verði eða frá 3.490.000 kr.

KOMDU OG MÁTAÐU CITROËN GRAND C4 PICASSO!

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 8
Sími 515 7040

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16




Eru gömul myndbönd frá þér enn á vefþjónum Facebook? NORDICPHOTOS/GETTY

# Enn þjarmað að Facebook

**TÆKNI** Facebook baðst í gær afsökunar á því að hafa geymt myndbönd sem notendur höfðu sett inn og síðan valið að eyða. New York Magazine fjallaði fyrst um málið fyrir helgi í kjölfar þess að Facebook-notandi hlóð niður Facebook-skjalasafni sínu og sá þar myndbönd sem hann hafði fyrir löngu valið að eyða.

Upplýsingafulltrúi Facebook sagði í samtali við TechCrunch í gær að galli ylli vandanum. „Við komumst að því að galli kæmi í veg fyrir að myndböndum yrði eytt. Við erum nú að eyða myndböndunum og biðjumst afsökunar á þeim óþægindum sem þetta kann að hafa valdið.“

Auðvelt er að komast að því hvað Facebook veit um notanda. Hægt er að fara í stillingar og þar smella á „Hlaða niður afriti af Facebook-gögnum þínum“. Eftir nokkrar mínútur fær notandi tilkynningu og er þá hægt að hlaða skjalasafninu niður.

Meðhöndlun Facebook á persónuupplýsingum hefur verið mikið í sviðsljósinu undanfarið. Allt frá því að upp komst um umfang starfsemi greiningarfyrirtækisins Cambridge Analytica. Nýtti fyrirtækið persónuupplýsingar Facebook-notenda til þess að hafa óeðlileg áhrif á lýðræðisferlið í fjölda ríkja.

Umfjöllunin vakti hörð viðbrögð Tims Cook, forstjóra Apple. Í viðtali við MSNBC, sem brot var sýnt úr í síðustu viku, sagði forstjórinn að Apple hefði vel getað halað inn milljarða á því að græða á persónuupplýsingum. „Við völdum að gera það ekki. Við ætlum ekki að stunda viðskipti með persónulegar upplýsingar. Friðhelgi einkalífsins telst að okkar mati til mannréttinda.“

Mark Zuckerberg, forstjóri Facebook, svaraði þessu á annan í páskum. Sagði hann það ósatt að Facebook væri sama um notendur sína. „Það er mikilvægt að við þjáumst ekki af Stokkhólmsheilkenninu og leyfum fyrirtækjum, sem gera sitt besta til þess að rukka sem mest, ekki að sannfæra ykkur um að þessum fyrirtækjum sé meira annt um ykkur. Það er fáránlegt.“

– þea

> Við ætlum ekki að stunda viðskipti með persónulegar upplýsingar.
>
> Tim Cook, forstjóri Apple

# Sturtuveisla!




**Verðdæmi 70cm.** 29.544




**Verðdæmi 80x80 cm.** 36.800




Laus svunta

**Sturtuklefar úr hertu öryggisgleri, rennihurðir með 16 hjólum. Heill hornlisti, sturtustangasett og vatnslás fylgja.**
**Rúnnaðir: stærðir 80 x 80 og 90 x 90 cm.**
**Kantaðir: stærðir 70 x 70, 80 x 80 og 90 x 90 cm.**




**Verðdæmi 70x70 cm.** 30.500




**Verðdæmi 80x80 cm.** 32.107




**Verðdæmi 70x70 cm** 29.600




**Verðdæmi 70 cm.** 26.190

## Gæði, úrval & gott verð!

Opið virka daga frá 9 til 18
laugardaga 11 - 15
Ármúla 31 - Sími 588 7332

**i-t.is**

INNRÉTTINGAR & TÆKI
*- fyrir þitt heimili*

# Ljósmóðir



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Fyrir fimm árum völdu Íslendingar orðið ljósmóðir sem fegursta orðið í íslenskri tungu. Það voru hugvísindasvið Háskóla Íslands og RÚV sem stóðu fyrir þessum skemmtilega gjörningi á sínum tíma en eins og segir í verðlaunuðum rökstuðningi Magnúsar Ragnarssonar, eins af þeim sem tilnefndu orðið, þá koma þar saman: „Tvö fallegustu hugtök veraldar sett í eitt.“ Það er rétt og það er ekki lítið. Frá orðinu ljósmóðir stafar birtu, hlýju.

Ljósmæður eru með okkur á stærstu og bestu stundum lífsins en stundum því miður líka á þeim sárustu og erfiðustu. Ábyrgð ljósmæðra er mikil og í hugum okkar flestra verður færni þeirra og starf seint ofmetið og auðvitað átti mikilvægi þeirra í lífi þjóðarinnar stóran þátt í hversu heilluð hún er af orðinu. Hið sama virðist þó því miður ekki vera hægt að segja um íslenska ráðamenn sem virðast mun heillaðri af orðum á borð við kjararáð, stöðugleiki, þingfararkaup og akstursgreiðslur, þó að ekkert þeirra hafi átt upp á pallborðið hjá þjóðinni á sínum tíma.

Einhverjum kann að þykja þetta óþarfa tilfinningasemi en því miður er þetta engu að síður lýsandi fyrir íslenskt samfélag eða í það minnsta stjórnmál. Störfin sem skipta okkur mestu máli í lífinu eru oft lítils metin af samfélaginu í trausti þess að fólkið sem störfin vinnur láti sér nægja fegurðina og mikilvægið. Að það sætti sig við hluti eins og að menntun þess sé ekki metin að verðleikum og að það geti framfleytt sér ef það vinnur myrkranna á milli og helst meira en það, því störfin feli í sér umbun í sjálfu sér. Þetta er galið gildismat sem er haldið á lofti af ríkjandi stjórnvöldum með þögnina og skeytingarleysið að vopni, nema rétt á tyllidögum og í aðdraganda kosninga.

Kjaradeila ljósmæðra er búin að standa lengi og hefur enn engu skilað öðru en því að staðfesta það gildismat stjórnvalda að launum ákveðinna stétta skuli haldið niðri með öllum ráðum. Það merkilega er að flestar þær stéttir sem standa frammi fyrir þessu viðhorfi eru kvennastéttir í svo miklum meirihluta að það skaðar ekki einu sinni hina víðfrægu jafnlaunastefnu sem stjórnvöld eru svo stolt af á erlendum vettvangi. Þar fylgir reyndar tæpast sögunni að í jafnlaunapólitík stjórnvalda felist einnig láglaunastefna á hendur kvennastéttum á borð við ljósmæður sem virðast eiga að gera sér að góðu að horfa til þess hversu mikið þær geta fengið útborgað ef þær vinna bara nógu brjálæðislega mikið.

Þó að á næstunni takist kannski samningur við ljósmæður sem þær geta fellt sig við þá leysir það aðeins brot af vandanum. Heildarvandinn er nefnilega fólginn í viðhorfinu til stétta sem eru bornar uppi af konum og hafa löngum mátt þola skort á virðingu og verðmæti í launaumslaginu óháð mikilvægi þeirra í samfélaginu. Og því miður verður að segjast eins og er að núverandi ríkisstjórn er ekki líkleg til þess að breyta þessu viðhorfi til betri vegar heldur þvert á móti herða á gildismati afturhalds og ójafnaðar.

**Heildarvandinn er nefnilega fólginn í viðhorfinu til stétta sem eru bornar uppi af konum og hafa löngum mátt þola skort á virðingu og verðmæti í launaumslaginu óháð mikilvægi þeirra í samfélaginu.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Getur Katrín svarað sjálfri sér?**
Langvarandi kjaradeila ljósmæðra við ríkið er í rembihnút og atgervisflótti yfirvofandi. Katrín Jakobsdóttir hafði þungar áhyggjur af yfirvofandi verkfalli ljósmæðra 2008. Þá hélt hún innblásna ræðu og sagði að ljósmæður væru „einungis konur og augljóslega beittar mismunun í launum“. Hún klykkti síðan út með spurningu, við dynjandi lófatak á þingpöllum: „Hvers vegna þarf fjöldi verðandi mæðra að skrifa opið bréf í dag og krefjast umbóta og hvernig ætlar ríkisstjórnin að tryggja að ekki komi til 44% brottfalls úr stétt ljósmæðra í nánni framtíð?“ Sem forsætisráðherra tíu árum síðar er Katrín í frábærri stöðu til þess að svara eigin spurningu.

**Áttræður í kyrrþey**
Styrmir Gunnarsson, fyrrverandi ritstjóri Morgunblaðsins, varð áttræður 27. mars. Lítið fór fyrir þessum merku tímamótum á síðum Moggans þótt hann hafi helgað blaðinu drjúgan hluta ævi sinnar. Bryndísi Schram misbauð þetta og reyndi að bæta úr skák á Facebook. „En Styrmir er hlédrægur maður og hefur sennilega bannað allt umstang. Spurning, hvort hann eigi að komast upp með það.“ Svo taldi Bryndís ekki vera og tilfærði hluta greinar sem eiginmaður hennar, Jón Baldvin Hannibalsson, skrifaði um Styrmi, bekkjarbróður sinn, sjötugan.

thorarinn@frettabladid.is

# Í trássi við reglur



Guðrún Helga Sigurðardóttir
blaðamaður og ökuleiðsögumaður

Ég hitti um daginn erlendan leiðsögumann sem sagðist hafa boðið upp á ferðir með fjölskyldur, 1-4 einstaklinga og aðra örlitla hópa til Íslands í 15 ár, leigt hér hús og bíl, sótt fólkið á flugvöllinn, farið með það í skoðunarferðir, tekið til morgunverð og nesti og eldað svo kvöldmat. Hún sagðist þjónusta þau 24 tíma á sólarhring. Í skoðunarferðum sagðist hún sjá um leiðsögnina því hún hefði komið svo oft til Íslands að hún viti allt um landið.

Ég var sem steini lostin. Á Íslandi eru ekki gerðar neinar kröfur til leiðsögumanna hvað varðar menntun, þekkingu og reynslu. Hver sem er má starfa sem leiðsögumaður hér á landi þó að leiðsögumenn hafi lengi krafist þess að gerðar verði kröfur um menntun og að starfsheitið fái löggildingu. Sjálfstætt starfandi leiðsögumenn búsettir á Íslandi verða hins vegar að hafa ferðaskipuleggjendaleyfi og rekstrarleyfi, leigubílapróf eða meirapróf eftir því hvaða farartæki þeir keyra. Önnur nauðsynleg leyfi eru hópferðaleyfi, leyfi fyrir breytta jeppa eða eðalvagna og/eða ferðaþjónustuleyfi.

Erlendi leiðsögumaðurinn virðist ekki fara eftir lögum og reglum á Íslandi. Hún lágmarkar hversu miklir peningar verða eftir í landinu um leið og hún nýtir sér vinsældir Íslands og selur grimmt. Hún er ekki ein um þetta eins og glögglega sést ef rætt er við þá sem vel til þekkja í ferðaþjónustunni.

Um leið og erlendir aðilar geta svindlað og svínað verða íslenskir leiðsögumenn og ferðaskrifstofur að fara að lögum og reglum, virða kjarasamninga og standa skil á öllum sköttum. Þeim er auðvitað engin vorkunn. En samkeppnisstaðan er skökk. Félagslegt undirboð er eitt af þeim hugtökum sem koma upp í hugann. Þessir aðilar geta boðið ferðirnar á mun lægra verði en Íslendingar og láta ekki kjarasamninga þvælast fyrir sér.

Þetta þarf að laga. Það þarf að gera kröfur til menntunar, helst fá löggildingu. Það þarf líka að sjá til þess að ökuleiðsögumenn geti ekki farið um með örhópa án þess að hafa tilskilin leyfi og réttindi.

**Um leið og erlendir aðilar geta svindlað og svínað verða íslenskir leiðsögumenn og ferðaskrifstofur að fara að lögum og reglum.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálssson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Heppni Olofs Palme



Ögmundur Jónasson
fv. alþingismaður

Ekki alls fyrir löngu fjallaði leiðarahöfundur Fréttablaðsins um stríðið í Sýrlandi. Eða öllu heldur um þá sem fjalla um þau stríðsátök og bar leiðarinn yfirskriftina, Upplýsingastríð. Tilefnið var fundur sem undirritaður hafði staðið að í Safnahúsinu í Reykjavík þar sem bresk rannsóknarblaðakona, Vanessa Beeley, flutti erindi.

**Gegn heimsvaldastefnu**

Vanessa Beeley kom hreint til dyranna, tók afstöðu með Sýrlandsstjórn í stríðinu á þeirri forsendu að um væri að ræða innrás í fullvalda ríki og rifjaði upp að Sýrland hefði verið eitt þeirra ríkja þar sem Bandaríkin og bandalagsríki þeirra hefðu talað opinskátt um að þörf væri á að knýja fram stjórnarskipti, „regime change“. Hún var með öðrum orðum að andæfa heimsvaldastefnu.

Málflutningur Vanessu Beeley gekk út á að færa sönnur á að „uppreisnarmenn“ ættu fátt sammerkt með stjórnarandstæðingum sem í aðdraganda stríðsins hefðu mótmælt Assad-stjórninni; að uppistöðu væru þeir leppherir fjármagnaðir af Vesturveldunum, Sádi-Aröbum og bandalagsríkjum þerra. Gerði hún greinarmun á harðlínuíslamistum og Kúrdum í nyrstu héruðunum.

Inn í umræðuna fléttaðist síðan nýútkomin bók í íslenskri þýðingu eftir ástralskan fræðimann, Tim Anderson, Stríðið gegn Sýrlandi. Í þessari bók leitast höfundur við að sýna hvernig upplognar fréttir liti fréttaflutning frá átökunum í Sýrlandi og það sem ekki er síður alvarlegt, skýrslur Sameinuðu þjóðanna um efnið. Komið er við fleiri kaun, til dæmis sýnt fram á hlutdrægni ýmissa „hjálparstofnana“ svokallaðra, sem fái ógagnrýninn aðgang að fréttastofum heimsins í krafti sakleysislegs heitis en séu í reynd að framfæri hagsmunaaðila í upplýsingastríðinu.

**Hver étur upp eftir öðrum**

Á allt þetta vildi Vanessa Beeley opna. Ekki var því almennt vel tekið á fréttastofum þessa lands. Í orðsendingu frá fréttamanni Ríkisútvarpsins var farið háðulegum orðum um hina gestkomandi fréttakonu. Þá var haft eftir ónafngreindum „sérfræðingum“ að háskalegt væri að rugla fólk í ríminu með tali af þessu tagi; almenningur gæti hætt að trúa alþjóðlegum fréttamiðlum ef bátnum væri ruggað um of og vísað var í enn aðra „sérfræðinga“ sem sögðu að ekkert alvörufólk tæki Vanessu Beeley alvarlega, hvað þá Tim Anderson, enginn hefði heyrt hans getið sagði fræðimaður og í þann fræðimann vitnaði einn aðalspekúlantinn að sjálfsögðu samstundis og röksemdalaust!

Svona fór allt í hringi eins og stundum gerist í gluggalausu rými.

Á netmiðlum voru óspart birtar glefsur úr umfjöllun um fyrrgreinda einstaklinga þar sem ummæli þeirra höfðu verið slitin úr samhengi þeim til háðungar, Tim Anderson sagður fylgjandi Norður-Kóreu og sýnd mynd af manni með norður-kóreska fánann á torgi þar í landi þessu til áréttingar. Við nánari athugun kom í ljós að myndin var af einhverjum allt öðrum manni. Engu að síður hafði tekist að grafa það upp að Tim Anderson hefði einhvers staðar sagt að í tímans rás hefði ýmsu verið logið upp á Norður-Kóreu.

**Leiðari Fréttablaðsins**

En sennilega toppaði leiðarahöfundur Fréttablaðsins þessa umræðu alla þegar hann sagði að fundurinn í Safnahúsinu hefði verið á forsendum fólks sem þjónaði illum öflum: Það væri „aðeins til þess fallið að gera illt verra að „opna umræðuna“ með því að hefja hana á forsendum þeirra sem tala fyrir áframhaldandi mannvonsku og hörmungum. Það var raunin á dögunum þegar áhrifamikill bloggari, Vanessa Beeley, sem telur SÞ ljúga um átökin í Sýrlandi, var fengin til að halda erindi á fundi sem bar yfirskriftina „Er verið að segja okkur satt um stríðið í Sýrlandi?““.

Nú vil ég taka það skýrt fram að ég er ekki í hópi þeirra sem telja fullveldi ríkja vera alheilagt. Og ekki skrifa ég upp á samtryggingarreglu ríkja heims um óumbreytanleika landamæra.

En hvað sem slíkum vangaveltum líður þá er fullveldi ríkja varið á ýmsum forsendum og hvað þau Vanessu Beeley og Tim Anderson áhrærir þá vísa þau í alþjóðalög og þá hættu sem hljóti að vera raunveruleg ógn við þjóðir heims ef herveldi samtímans geta farið óáreitt sínu fram um hverjir fái að ríkja og hverjir ekki. Og vel að merkja, þeir sem fá að lifa gera það ekki vegna siðferðilegra yfirburða heldur vegna þess að þeir gagnast í stórveldapólitíkinni. Það átti til dæmis við um Saddam Hussein Íraksforseta á meðan hann var handgenginn Vesturveldunum.

**Varla ást á Ho Chi Minh**

Og varla var það vegna ástar á Víet Kong eða Ho Chi Minh, leiðtoga Norður-Víetnams, að Olof Palme, forsætisráðherra Svía, andæfði hernaði Bandaríkjanna í Suðaustur-Asíu á sjöunda og áttunda áratug síðustu aldar. Mótmæli hans voru uppreisn gegn heimsvaldaöflum þess tíma.

Upp úr miðri öldinni sem leið skáru Svíar sig nokkuð úr alþjóðlegri stjórnmálaumræðu enda stóðu þeir utan NATO og enn ekki komnir undir straujárn samræmdrar utanríkisstefnu Evrópusambandsins. Í tvískiptum heimi austurs og vesturs var Olof Palme, holdgervingur hins óbundna gagnrýnanda, óhræddur að „opna á umræðuna“.

Hann varð fyrir ómældri gagnrýni fyrir vikið. Ekki hefði hún verið minni núna. Alla vega var Fréttablaðið þá ekki til. Að því leyti var Palme heppinn.

**Og varla var það vegna ástar á Víet Kong eða Ho Chi Minh, leiðtoga Norður-Víetnams, að Olof Palme, forsætisráðherra Svía, andæfði hernaði Bandaríkjanna í Suðaustur-Asíu á sjöunda og áttunda áratug síðustu aldar. Mótmæli hans voru uppreisn gegn heimsvaldaöflum þess tíma.**

# Konur hafa áhrif á orkuskiptin



Áslaug Thelma Einarsdóttir
forstöðumaður einstaklingsmarkaða ON

Víða má sjá orðinu orkuskipti bregða fyrir í fjölmiðlum og þá oft til viðtals verkfræðingar, jarðfræðingar, hagfræðingar eða aðrir þeir fræðingar sem með einum eða öðrum hætti koma að málum.

Orkuskiptin eru hafin, en gefa aðeins vísbendingu um þær miklu breytingar sem í vændum eru. Þau eru Íslendingum gríðarlega mikilvæg og felast meðal annars í að færa bílaflotann frá jarðefnaeldsneyti í rafmagn, innlendan, umhverfisvænan, orkugjafa.

**Konur við stýrið**

Við orkuskiptin hættum við að dæla bensíni eða dísilolíu á bílana okkar og losnum þar með við orkugjafa sem skaðlegir eru umhverfinu í öllu framleiðslu- og flutningsferli til landsins, auk þess að hafa neikvæð áhrif á vöruskiptajöfnuð. Í staðinn nýtum við innlenda orku og uppskerum ríkulegan þjóðhagslegan ávinning með gjaldeyrissparnaði og minni mengun. Svo er rekstur rafbíls náttúrlega bara brot af kostnaði við rekstur bíls sem gengur fyrir jarðefnaeldsneyti.

Í markaðsrannsóknum síðustu ára er víða bent á að konur stýri rekstri heimilanna og hafi lokaorð um nær allar fjárfestingar. Því mætti halda því fram að í raun ráði orkusérfræðingarnir því ekki hvenær orkuskiptin fara fram. Markaðsfræðin segja okkur að við konurnar séum í bílstjórasætinu. (Án þess þó að lítið sé gert úr hlut sérfræðinga, á þeirra ábyrgð er að tækni og framboð sé fyrsta flokks og að markaðurinn sé tilbúinn í skiptin.)

**Raunhæft markmið**

Með opnun hlöðu ON á Mývatni fyrir páska var þeim áfanga náð að á þjóðvegi 1, hringinn í kringum landið, eru alls staðar innan við 100 kílómetrar í næstu hraðhleðslu Orku náttúrunnar. Hraðhleðslum hefur fjölgað hratt, bæði á höfuðborgarsvæðinu og úti á landi, en fyrir sumarið verða hraðhleðslur ON orðnar 33 talsins. Það er þreföldun á einu og hálfu ári. Grunnurinn að orkuskiptunum hefur verið lagður.

Framboð rafbíla hefur stóraukist og þeir eru á samkeppnishæfu verði við bensín- og dísilbíla. Meira að segja sjást til sölu notaðir, vandaðir og góðir rafbílar, og fyrri eigendur að endurnýja með rafbíl númer tvö. Allt er því til reiðu að við konur hefjum orkuskiptin í landinu. Fyrsta skrefið er að gera „aukabílinn“, eða bíl númer tvö, á heimilinu að rafbíl. Raunhæft markmið er að fyrir árið 2022 sé einn rafbíll á hverju heimili. Það er í okkar höndum að klára það verkefni.

Þegar þessum áfanga verður náð þarf kannski einhver olíuprins í Miðausturlöndum skrúfa aðeins niður lífsstílinn hjá sér, en við grátum það svo sem ekki. Með stórauknu hlutfalli vistvænnar orku í samgöngum höfum við þá hér heima náð áfanga sem aðrar þjóðir telja öfundsverðan.

**Allt er því til reiðu að við konur hefjum orkuskiptin í landinu. Fyrsta skrefið er að gera „aukabílinn“, eða bíl númer tvö, á heimilinu að rafbíl. Raunhæft markmið er að fyrir árið 2022 sé einn rafbíll á hverju heimili.**



## Bikarmeistararnir í góðum málum eftir sigur í gær



**Einum leik frá úrslitunum** Framkonur fagna hér þegar fimm marka sigur á ÍBV var í höfn í gær. Þær hafa titil að verja í úrslitakeppninni og þurfa aðeins einn sigur til viðbótar til að komast í úrslitaeinvígið. Framkonur halda til Eyja á fimmtudaginn og geta klárað einvígið þar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON









# Sagan ekki hliðholl City

**Manchester City og Liverpool mætast á Anfield í kvöld í 16-liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu Fimmtán ár eru síðan City vann síðast á Anfield.**

**FÓTBOLTI** Seinustu ensku liðin í Meistaradeild Evrópu í vetur mætast í kvöld í fyrri leik liðanna í 8-liða úrslitum þegar Liverpool tekur á móti Manchester City á Anfield. Sigurvegari einvígisins verður svo aðeins einu einvígi frá úrslitaleiknum á Ólympíuvellinum í Kænugarði í lok maí. Seinni leikurinn fer fram á Etihad-vellinum á þriðjudaginn næsta en liðin eiga erfiða borgarslagi framundan í ensku úrvalsdeildinni um helgina gegn Everton og Manchester United.

Manchester City hefur aðeins einu sinni áður komist í undanúrslit Meistaradeildarinnar en þeir bláklæddu eru í dauðafæri á að endurtaka leikinn. Eru þeir svo gott sem komnir með enska meistaratitilinn og geta því einbeitt sér að Meistaradeildinni á næstu vikum.

### Erfitt vígi

Fyrir fram er Manchester City talið líklegri aðilinn enda nánast búið að tryggja sér enska meistaratitilinn undir lok mars. Þrátt fyrir það er sagan ekki hliðholl Manchester City en á undanförnum árum hefur City ekki sótt gull í greipar Liverpool. Eru tæp fimmtán ár liðin síðan Manchester City vann síðast á Anfield en þá skoraði franski framherjinn Nicolas Anelka í tvígang til að taka stigin þrjú fyrir gestina, seinna markið í uppbótartíma fyrir framan Kop-stúkuna. Síðan þá hafa liðin mæst sextán sinnum, fimmtán sinnum í deild og einu sinni í deildabikar á Anfield og hefur Liverpool unnið ellefu leiki en fimm sinnum hefur orðið jafntefli.

### Tólfta viðureign stjóranna

Þetta verður í tólfta skiptið sem Pep Guardiola, knattspyrnustjóri Manchester City, og Jürgen Klopp, knattspyrnustjóri Liverpool, leiða saman hesta sína. Mættust þeir með lið Dortmund og Bayern München áður en þeir komu yfir til Englands og tóku við núverandi liðum. Hingað til er Klopp með vinninginn, sex sigra gegn fimm sigrum Guardiola en leik liðanna á Etihad-vellinum í fyrra lauk með jafntefli, í fyrsta sinn í viðureign þessara stjóra. – kpt



**Kevin De Bruyne verður í lykilhlutverki hjá City í einvíginu.** NORDICPHOTOS/GETTY

## Nýjast

**Domino's-deild kvenna, undanúrslit**

**Keflavík - Valur 77-88**
**Keflavík:** Thelma Dís Ágústsdóttir 22, Birna Valgerður Benónýsdóttir 17, Brittany Dinkins 12/14 stoðsendingar, Erna Hákonardóttir 8, Irena Sól Jónsdóttir 8.
**Valur:** Aalyah Whiteside 39/15 fráköst, Hallveig Jónsdóttir 13, Bergþóra Tómasdóttir 9, Dagbjört Dögg Karlsdóttir 9, Guðbjörg Sverrisdóttir 8, Elín S. Hrafnkelsdóttir 6.

*Staðan í einvíginu er 1-0 fyrir Val.*

**Olís-deild kvenna, undanúrslit**

**Fram - ÍBV 32-27**
**Fram:** Ragnheiður Júlíusdóttir 7, Hildur Þorgeirsdóttir 6, Steinunn Björnsdóttir 4, Þórey Stefánsdóttir 4, Elísabet Gunnarsdóttir 2, Marthe Sördal 2,Sigurbjörg Jóhannsdóttir. 2..
**ÍBV:** Esther Óskarsdóttir 9, Sandra Erlingsdóttir 7, Greta Kavaliuskaite 4, Kristrún Hlynsdóttir 4, Sandra Sigurðardóttir 1, Asuncion Portero 1, Karólína Lárusdóttir 1.

*Staðan í einvíginu er 1-0 fyrir Fram.*

**Meistaradeild Evrópu, 8-liða úrslit, fyrri leikir**

**Juventus - Real Madrid 0-3**
0-1 Cristiano Ronaldo (3.), 0-2 Ronaldo (64.), 0-3 Marcelo (72.).

**Sevilla - B. München 1-2**
1-0 Pablo Sarabia (31.), 1-1 Jesus Navas (sjálfsmark, 37..), 1-2 Thiago (68.).



**Guðmundur slær á létta strengi á æfingu í gær.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Breytingar á Noregshópnum

**HANDBOLTI** Guðmundur Guðmundsson, þjálfari íslenska karlalandsliðsins í handbolta, tilkynnti í gær fjórar breytingar á leikmannahópnum sem fer til Noregs í Gullbikarinn.

Verða þetta fyrstu leikirnir undir stjórn Guðmundar eftir að hann tók við landsliðinu í þriðja sinn fyrr á árinu. Aron Rafn Eðvarðsson og Theódór Sigurbjörnsson úr ÍBV, Ýmir Örn Gíslason, Val, og nafnarnir þrír, Ólafur Gústafsson, Ólafur Andrés Guðmundsson og Ólafur Bjarki Ragnarsson, verða ekki með liðinu.

**» Alls verða sjö nýliðar í íslenska landsliðshópnum í Noregi og eiga Selfyssingar þrjá þeirra.**

Hefur Guðmundur kallað inn Selfyssingana Elvar Örn Jónsson og Teit Örn Einarsson ásamt Ágústi Birgissyni úr FH og Daníel Þór Ingasyni úr Haukum í þeirra stað. Ísland mætir heimaliði Noregs í fyrsta leik en ásamt Norðmönnum og Íslendingum eru lið Frakklands og Danmerkur í riðlinum. – kpt

# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 4. apríl 2018

13. tölublað | 12. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL









# Telja þrengt að eftirlitshlutverki bankaráðs Seðlabankans

Fyrrverandi bankaráðsmenn Seðlabanka Íslands kvörtuðu til umboðsmanns Alþingis og töldu að svigrúm bankaráðs til þess að sinna eftirlitshlutverki sínu hefði verið takmarkað. Umboðsmaður gerði margvíslegar athugasemdir við lagatúlkanir stjórnenda Seðlabankans. »4

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



»2

## Andstaða stjórnvalda stoppaði arðgreiðslu á Valitor til vogunarsjóða

Kaupþing og vogunarsjóðir hættu við að greiða Valitor út í arð vegna andstöðu við þau áform innan stjórnkerfisins og á meðal einstakra ráðherra. Slík ráðstöfun væri engu að síður líkleg til að skila ríkinu hærra stöðugleikaframlagi frá Kaupþingi.

»2

## Rukkuðu 113 milljónir í Kerið í fyrra

Hagnaður Kerfélagsins, eiganda Kersins í Grímsnesi, var 58 milljónir króna í fyrra og næstum tvöfaldaðist frá 2016. Gjaldtaka skilaði félaginu 113 milljónum í tekjur.

»6

## Til varnar viðskiptahalla

„Við spöruðum okkur út úr síðustu kreppu, en sparnaður umfram fjárfestingu getur líka verið áhyggjuefni ef slíkt ástand festist í sessi sem markmið í sjálfu sér, óháð fjárfestingarþörf hagkerfisins,“ segir Kristrún Frostadóttir, aðalhagfræðingur Kviku, í aðsendri grein.




# Eigendur Kersins hagnast um nærri 60 milljónir

Hagnaður Kerfélagsins, eiganda Kersins í Grímsnesi, var ríflega 58 milljónir króna í fyrra og næstum tvöfaldaðist frá árinu 2016 þegar hann var 30 milljónir. Þá námu tekjur félagsins 113 milljónum og jukust um meira en 60 prósent á milli ára.

Þetta má lesa út úr nýjum ársreikningi Kerfélagsins sem er í jafnri eigu Óskars Magnússonar, Ásgeirs Bolla Kristinssonar, Jóns Pálmasonar og Sigurðar Gísla Pálmasonar.

Gjaldtaka við Kerið hófst sumarið 2013 og er aðgangseyrir þar nú 400 krónur með virðisaukaskatti. Í samtali við Fréttablaðið fyrir ári sagði Óskar, stjórnarformaður Kersins, að um 150 þúsund manns hefðu heimsótt eldgíginn á árinu 2016. Miðað við mikla tekjuaukningu félagsins í fyrra, þegar það rukkaði gesti um 113 milljónir í aðgangseyri, má því ætla að samtals um 240 þúsund hafi þá heimsótt Kerið.

Hluthafar Kersins hafa hingað til ekki greitt sér neinn arð út úr félaginu. Óskar hefur sagt að engin ákvörðun um arðgreiðslu hafi verið tekin og vísað til þess að félagið vilji eiga fyrir þeim tugmilljóna framkvæmdum sem það hefur ráðist í og áformaðar eru. **– hae**




**Gjaldtaka við Kerið í Grímsnesi skilaði Kerfélaginu samtals 113 milljónum í tekjur í fyrra.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

MARKAÐURINN

**ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf.,** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5800
Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** | Sími **512 5000** | Fax **512 5301**
Ritstjóri **Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is**
Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir**
Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@frettabladid.is** Veffang frettabladid.is







# Andstaða stjórnvalda stoppaði arðgreiðslu

**Kaupþing og vogunarsjóðir hættu við að greiða Valitor út í arð vegna andstöðu við þau áform innan stjórnkerfisins og á meðal einstakra ráðherra. Slík ráðstöfun væri engu að síður líkleg til að skila ríkinu hærra stöðugleikaframlagi frá Kaupþingi.**

Andstaða innan stjórnkerfisins og á meðal sumra ráðherra ríkisstjórnarinnar réð mestu um að fallið var frá áformum um að aðgreina Valitor Holding, dótturfélag Arion banka, frá bankanum, áður en kemur að útboði og skráningu, þannig að bréf kortafyrirtækisins yrðu greidd út í arð til hluthafa, samkvæmt heimildum Markaðarins.

Við þá ráðstöfun hefðu vogunarsjóðir og Goldman Sachs, sem eiga um 32 prósenta hlut í bankanum, jafnframt fengið kauprétt að 21,4 prósenta hlut til viðbótar í Valitor. Einstakir ráðherrar, ásamt ýmsum embættismönnum, mátu það sem svo að slík arðgreiðsla væri síður en svo til þess fallin að auka traust á fjármálakerfinu og færi mögulega gegn ákvæðum stöðugleikaskilyrða Kaupþings. Skýr afstaða Bankasýslu ríkisins, sem lagðist eindregið gegn áformunum og vildi fremur selja Valitor í opnu söluferli, hafði auk þess sín áhrif, jafnvel þótt stofnunin sé ekki lengur á meðal hluthafa bankans, en ríkið seldi sem kunnugt er 13 prósenta hlut sinn í lok febrúar.

Kaupþing, sem hyggst selja allt að 55 prósenta hlut sinn í bankanum í útboði síðar á árinu, taldi sér ekki fært að fara gegn afstöðu stjórnvalda í þessu máli en fulltrúar þess vinna núna meðal annars að því að ná samkomulagi um endurskoðun á forkaupsrétti ríkisins við opið útboð. Að öðrum kosti er talið að forkaupsrétturinn, sem virkjast ef Kaupþing selur bréf sín undir genginu 0,8 miðað við eigið fé, muni valda óvissu og aftra fjárfestum frá þátttöku í útboðinu og þar með koma í veg fyrir að raunverulegt markaðsverð á bankanum yrði leitt fram.

Á meðal þeirra sem hafa komið að þeirri vinnu fyrir ríkið að undanförnu er Bretinn Michael Ridley, fyrrverandi bankamaður hjá JP Morgan, sem veitti stjórnvöldum ráðgjöf við fjármálaáfallið 2008 samkvæmt heimildum Markaðarins. Mun hann starfa tímabundið að málefnum sem tengjast fjármálakerfinu á Íslandi, en hann var fenginn að þeirri vinnu einkum fyrir tilstuðlan Lilju Alfreðsdóttur, sem situr í ráðherranefnd um efnahagsmál og endurskipulagningu fjármálakerfisins.

**Ríkið fær minna í sinn hlut**

Eins og Fréttablaðið greindi frá í síðasta mánuði hefur stjórn Arion banka ákveðið að leggja áform um að aðgreina Valitor frá bankanum til hliðar. Afar ólíklegt þykir að þau áform verði endurvakin eftir skráningu. Meirihluti hluthafa, vogunarsjóðir og Kaupþing, hafði sóst nokkuð eftir því að kortafyrirtækið yrði aðskilið frá samstæðunni. Fyrrnefndur kaupréttur, sem samið var um samhliða því að gengið var frá kaupum fjárfestahópsins á tæplega 30 prósenta hlut Kaupþings í Arion í mars í fyrra, virkjast aðeins komi til þess að bréfin í kortafyrirtækinu greiðist út til hluthafa með arðgreiðslu eða öðrum sambærilegum hætti. Samkvæmt heimildum Markaðarins mun kaupréttur sjóðanna renna út innan fárra mánaða. Sá sem talaði einkum fyrir því af hálfu vogunarsjóðanna að Valitor yrði aðgreint frá bankanum fyrir útboðið var maður að nafni Pierre Bour. Hann var meðeigandi Attestor Capital þar til nýlega er hann lét af störfum.

Að sögn kunnugra er líklegt að ríkið fái að endingu lægra stöðugleikaframlag í sinn hlut, nú þegar fallið hefur verið frá áformum um að greiða Valitor út í arð til hluthafa. Afar ósennilegt er að raunverulegt markaðsvirði Valitor verði að fullu verðlagt þegar kortafyrirtækið verður selt, sem hluti af samstæðunni, í fyrirhuguðu útboði. Ljóst sé að Kaupþing gæti fengið hærra verð fyrir óbeinan eignarhlut sinn í Valitor með því að aðgreina fyrst fyrirtækið frá bankanum, „vinna með það“ eitt og sér á allra næstu árum og auka þannig virði þess.




**Valitor er verðmætasta dótturfélag Arion.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

16,3

**milljarðar er eigið fé Valitors Holding bókfært á í reikningum Arion banka.**

Markaðsvirði Valitors er töluvert hærra en sem nemur virði fyrirtækisins í bókum Arion banka. Samkvæmt nýlegu verðmati greiningarfyrirtækisins IFS, sem byggist á margföldurum erlendra samanburðarfélaga, er virði eigin fjár Valitors metið á um 30,6 milljarða króna. Til samanburðar er eigið fé kortafyrirtækisins bókfært á um 16,3 milljarða króna í bókum Arion.

Í afkomuskiptasamningi stjórnvalda og Kaupþings er sérstaklega gert ráð fyrir því, sem lið í því að fá sem hæst verð fyrir hlut Kaupþings í Arion banka, að hægt sé að aðgreina einstakar eignir eða eignarhluti bankans frá honum í aðdraganda og undirbúningi að sölu hlutabréfa. Tryggt er í samningnum að hann nái einnig utan um hinar aðgreindu eignir, svo sem Valitor. Ríkið myndi þannig njóta góðs af sölu og virðisaukningu kortafyrirtækisins í formi hærra stöðugleikaframlags, þótt félagið yrði aðgreint frá bankanum með sérstakri arðgreiðslu.

Nokkurrar óánægju hefur gætt á meðal fulltrúa Kaupþings og vogunarsjóðanna að ekki hafi verið gripið til nægilega markvissra aðgerða á undanförnum misserum til þess að draga úr rekstrarkostnaði og bæta arðsemi Arion banka í aðdraganda hlutafjárútboðsins. Þrátt fyrir að rúmt ár sé liðið frá því að sjóðirnir og Goldman eignuðust hlut í bankanum hafa þeir haft lítil sem engin áhrif á stjórn hans. Aðeins Attestor Capital og Goldman fara með atkvæðarétt í bankanum en atkvæðaréttur hinna sjóðanna er í höndum Kaupskila, dótturfélags Kaupþings.

**hordur@frettabladid.is**
**kristinningi@frettabladid.is**

# Hafa greitt Matthíasi 1.400 milljónir

Róbert Wessman og viðskiptafélagar hans gengu frá greiðslu upp á 1,4 milljarða króna til Matthíasar H. Johannessen í byrjun síðustu viku, samkvæmt heimildum Markaðarins.

Hæstiréttur dæmdi í febrúar fyrrverandi viðskiptafélaga Matthíasar, þá Róbert, Árna Harðarson og Magnús Jaroslav Magnússon, til þess að greiða honum 640 milljónir króna, auk vaxta og dráttarvaxta, í skaðabætur fyrir að hafa hlunnfarið hann í viðskiptum með óbeinan eignarhlut í lyfjafyrirtækinu Alvogen.

Staðfesti Hæstiréttur dóm héraðsdóms um að ráðandi hluthafar í félaginu Aztiq Pharma Partners hefðu – með sölu á sænsku dótturfélagi sem hélt með óbeinum hætti utan um 30 prósenta hlut í Alvogen á undirverði – tekið hagsmuni einstakra hluthafa fram yfir hagsmuni Matthíasar og bakað sér þannig skaðabótaskyldu gagnvart honum.

Sænska dótturfélagið var um mitt ár 2010 selt fyrir í mesta lagi 1,5 milljónir króna og gegn ógreiddri viðbótargreiðslu þó svo að verðmæti þess hafi numið nærri 1,7 milljörðum króna á sama tíma. **– kij**



**Róbert Wessman, forstjóri lyfjafyrirtækisins Alvogen**




# Kraftur, snerpa og tækni.

Mercedes-Benz GLE stendur undir öllum þeim kröfum sem til hans eru gerðar. Hönnunin er glæsileg, vélin kraftmikil og tæknibúnaðurinn afar fullkominn. Þessi magnaði lúxusjeppi fæst bæði í dísil og Plug-in Hybrid útfærslu, hann hefur fimm akstursstillingar, 9G-Tronic sjálfskiptingu og hið háþróaða 4MATIC fjórhjóladrif.

GLE 250 d 4MATIC, 204 hestöfl

**Verð frá 9.040.000 kr.**

Eyðsla 5,9 l/100 km, $CO_2$ 156 g/km

Mercedes-Benz
The best or nothing.

ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz á Íslandi

Þú finnur „Mercedes-Benz Ísland“ á Facebook

Brandenburg | SÍA

# Kvörtuðu til umboðsmanns Alþingis

**Umboðsmaður Alþingis gerir margvíslegar athugasemdir við lagatúlkanir Seðlabanka Íslands og nýjar starfsreglur bankaráðs. Fyrrverandi bankaráðsmenn telja að svigrúm bankaráðs til að sinna eftirlitshlutverki sínu hafi verið takmarkað. Ekki hefur verið ákveðið hvort starfsreglurnar verði endurskoðaðar.**

Kristinn Ingi Jónsson
kristinningi@frettabladid.is
Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is





Arnór Sighvatsson aðstoðarseðlabankastjóri og Már Guðmundsson seðlabankastjóri. Að mati umboðsmanns Alþingis verður ekki séð að ráðningarvald eða stjórnunarréttur yfirmanna bankans gagnvart starfsmönnum geti fellt brott rétt bankaráðs til að leita upplýsinga, milliliðalaust, hjá einstökum starfsmönnum bankans. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Tveir fyrrverandi bankaráðsmenn Seðlabanka Íslands kvörtuðu til umboðsmanns Alþingis yfir viðleitni sem þeir töldu að átt hefði sér stað innan bankans, meðal annars með setningu nýrra starfsreglna, til þess að takmarka svigrúm bankaráðs til þess að gegna lögbundnu eftirlitshlutverki sínu.

Í bréfi sem umboðsmaður skrifaði til bankaráðs og forsætisráðherra í desember í fyrra voru ýmsar athugasemdir gerðar við starfsreglur ráðsins og var jafnframt áréttað að gæta þyrfti þess að með einstökum ákvæðum reglnanna væri ekki þrengt að því eftirlitshlutverki sem bankaráðið hefur með starfsemi Seðlabankans.

„Að því marki sem einstök ákvæði starfsreglnanna eru til þess fallin að valda misskilningi eða eru óljós er það í betra samræmi við framangreind sjónarmið að þau verði tekin til endurskoðunar og bætt úr þeim annmarka,“ segir í bréfi Þorgeirs Inga Njálssonar, setts umboðsmanns Alþingis í málinu, sem Markaðurinn hefur undir höndum.

Umboðsmaður sagðist í bréfinu hafa sett fram umræddar ábendingar með það að leiðarljósi að bankaráðið tæki til skoðunar hvort tilefni væri til að bregðast við þeim og taka starfsreglurnar til endurskoðunar. Óskaði hann svara frá bankaráði fyrir 1. mars.

Þórunn Guðmundsdóttir, formaður bankaráðs Seðlabankans, segir í samtali við Markaðinn að í ljósi þess að starfstími núverandi bankaráðs sé senn á enda hafi verið ákveðið að leggja málið til hliðar.

> **Í öllu falli þarf að gæta þess sérstaklega að einstök ákvæði starfsreglnanna fari ekki í bága við lög og reglugerð og að með þeim sé ekki þrengt að því eftirlitshlutverki sem bankaráð hefur með starfsemi bankans.**
>
> Úr bréfi setts umboðsmanns Alþingis til bankaráðs Seðlabankans

Bankaráðið hafi upplýst umboðsmann um það.

Það bíður því nýs bankaráðs, sem Alþingi mun sennilega skipa síðar í mánuðinum, að ákveða hver næstu skref verða.

Fyrrverandi bankaráðsmennirnir tveir, Jón Helgi Egilsson og Ragnar Árnason, kvörtuðu til umboðsmanns Alþingis í ágúst árið 2016 en umkvörtunarefnið sneri aðallega að þremur atriðum – sem vörðuðu lagatúlkanir Seðlabankans og nýlegar breytingar á starfsreglum bankaráðsins – sem þeir töldu að væru til þess fallin að draga úr getu bankaráðsins til þess að hafa eftirlit með starfsemi Seðlabankans og takmarka það aðhald sem ráðið getur veitt yfirstjórn bankans.

Í fyrsta lagi var í kvörtuninni gerð athugasemd við þá lagatúlkun Seðlabankans að bankaráðið gæti ekki kallað eftir upplýsingum frá starfsmönnum bankans, milliliðalaust, nema með samþykki og aðkomu seðlabankastjóra. Í öðru lagi sneri kvörtunin að þeirri lagatúlkun bankans að bankaráðið gæti ekki fundað ef seðlabankastjóri væri fjarverandi. Þá voru í þriðja lagi gerðar margvíslegar athugasemdir við breytingar sem bankaráðið samþykkti að gera á starfsreglum sínum í maí 2016 en breytingunum var ætlað að skjóta styrkari stoðum undir framangreindar lagatúlkanir bankans.

Að auki var í kvörtun Jóns Helga og Ragnars athygli umboðsmanns vakin á því að með áðurnefndum breytingum á starfsreglunum hefðu möguleikar bankaráðs og einstakra bankaráðsmanna til þess að láta í ljós álit sitt á starfsemi bankans verið takmarkaðir umfram það sem kveðið er á um í lögum. Þannig væri enn frekar þrengt að svigrúmi bankaráðsins til þess að veita stjórnendum Seðlabankans aðhald.

## Mikil völd falin einum manni

Í kjölfar falls fjármálakerfisins haustið 2008 voru gerðar nokkuð róttækar breytingar á stjórnskipulagi Seðlabankans sem fólust meðal annars í því að bankastjórn Seðlabankans var lögð niður og í stað hennar kom einn seðlabankastjóri og einn aðstoðarseðlabankastjóri. Um leið jókst vægi lögbundins eftirlitshlutverks bankaráðsins til muna, enda varð þá bankaráðið eitt, ásamt ráðherra, fært um að veita seðlabankastjóra aðhald.

Í skýrslu nefndar, sem var falið að taka lögin um Seðlabankann til heildarendurskoðunar, frá því árið 2015 er rakið að breytingarnar í kjölfar hrunsins hafi gert það að verkum að seðlabankastjóri geti einn tekið allar meiriháttar ákvarðanir í rekstri bankans og þurfi ekki að sækja sér stuðning í bankastjórn.

Norðmaðurinn Svein Harald Øygard var seðlabankastjóri þegar umræddar breytingar voru lögfestar í febrúar 2009 en Már Guðmundsson tók við embættinu í ágúst sama ár og hefur gegnt því síðan.

Nefndin, sem var skipuð þeim Friðriki Má Baldurssyni og Þráni Eggertssyni, lagði til að skerpt yrði á eftirlitshlutverki bankaráðsins auk þess að aftur yrði sett bankastjórn yfir bankann, rétt eins og tíðkast í seðlabönkum flestra ríkja heims.

## Skýr upplýsingaréttur

Í bréfi umboðsmanns Alþingis er umrætt eftirlitshlutverk bankaráðs tíundað og tekið fram að ganga verði út frá því að ráðið „geti kallað eftir hverjum þeim upplýsingum og skýringum um starfsemi bankans sem það telur þörf á til að rækja lögbundið hlutverk sitt“.

Hvað varðar það nýja ákvæði í starfsreglunum, sem samþykktar voru 2016, að bankaráðið geti ekki leitað til starfsmanna bankans nema að höfðu samráði við seðlabankastjóra, þá tekur umboðsmaður fram að að hluti af áðurnefndri upplýsingaöflun bankaráðs kunni að felast í því að óska eftir að tiltekinn starfsmaður bankans mæti á fund ráðsins til þess að veita þar milliliðalaust upplýsingar og svara spurningum.

„Ekki verður séð að ráðningarvald og stjórnunarréttur yfirmanna bankans gagnvart einstökum starfsmönnum geti fellt brott þennan upplýsingarétt bankaráðs nema mælt sé fyrir um slíkt í lögum,“ segir í bréfi umboðsmanns.

Í bréfinu nefnir umboðsmaður auk þess að ekki verði séð að fjarvera seðlabankastjóra geti alfarið komið í veg fyrir að bankaráðið haldi fund, líkt og Seðlabankinn hefur haldið fram. „Ég tel því að það sé að minnsta kosti ekki einhlít túlkun á ákvæðinu [27. gr. laga um Seðlabanka Íslands] að bankaráðsfundir verði ekki haldnir nema að bankastjóri sjái sér fært að mæta þótt almennt sé gert ráð fyrir að hann sitji fundi þess,“ er nefnt í bréfinu.

Orðalag starfsreglna bankaráðs kann þó að gefa annað til kynna, að sögn umboðsmanns, en í einu ákvæði reglnanna segir meðal annars að seðlabankastjóri skuli á hverjum fundi bankaráðs gera grein fyrir helstu þáttum í starfsemi bankans. Að þessu þarf að huga, að mati umboðsmanns, þegar og ef ætlunin er að útfæra umrætt ákvæði nánar í verklagsreglum, meðal annars á þann hátt að „þar sé ekki með víðtækari hætti girt fyrir það að unnt sé að halda bankaráðsfundi í fjarveru bankastjóra en lög gera ráð fyrir“.

## Fari ekki í bága við lög

Umboðsmaður rekur að lokum í bréfi sínu að miklu skipti að verklagsreglur, líkt og starfsreglur bankaráðsins, séu skýrar og ekki til þess fallnar að valda misskilningi eða að réttmætur vafi sé um hvort þær séu í samræmi við lög.

„Í öllu falli þarf að gæta þess sérstaklega að einstök ákvæði starfsreglnanna fari ekki í bága við lög og reglugerð og að með þeim sé ekki þrengt að því eftirlitshlutverki sem bankaráð hefur með starfsemi bankans,“ segir í bréfi setts umboðsmanns.













Bæði grunnskóli og leikskóli eru á Skagaströnd. Námsstofa fyrir m.a. háskólaborgara, góð líkamsræktarstöð, sundlaug, félagsheimili, bókasafn, verslun, apótek og heilsugæsla.

**Alveg einstakt tækifæri!**

**Hólanesvegur 11 er til sölu eða leigu.**

Skagaströnd vex og dafnar, meðal annars vegna aukinnar ferðaþjónustu, því ný gisting hefur hafið starfsemi í bænum. Með fjölbreyttri afþreyingu, útivist og aukinnar eftirspurnar ferðamanna, teljum við kosti eignarinnar augljósa.

Hafirðu áhuga á eða reynslu af ferðaþjónustu og veitingarekstri og vilt njóta þess að starfa og búa á Norðurlandi er í boði bjálkahús sem er afar athyglisvert. Hvort sem þú kýst að kaupa eða leigja Hólanesveg 11 er þetta einstakt tækifæri.

**Um eignina:** 2 hæðir, 383 m2
Byggingarár er 1998

**Nánari upplýsingar í síma 869-1709 eða 847-6622 tölvupóstur - gshal0306@gmail.com**

# Fólk

Heimili

MIÐVIKUDAGUR 4. APRÍL 2018



# Vænt og grænt í Vatnsmýrinni

Gerum heimilin grænni! er yfirskrift viðburðadagskrár sem stendur yfir í Norræna húsinu um helgina. Viðburðirnir eiga sammerkt að kynna leiðir til að nýta betur verðmætin allt í kringum okkur og draga úr sóun á ýmsum sviðum, ekki síst hvað varðar mat og umbúðir. ➜2

Sveinn Kjartansson matreiðslumaður með kökuafganga á bakka sem ásamt fleiri afgöngum, til dæmis af páskaeggjum, geta hæglega orðið að dýrindis veislufönGum. MYND/EYÞÓR



**Guðríður Helgadóttir garðyrkjufræðingur verður með fyrirlestur um vorverkin í garðinum í Gerðubergi í kvöld. Mikill áhugi er á garðyrkju og matjurtarækt hjá landsmönnum svo vafalaust vilja margir hlýða á Gurrý.** ➜6

ENZYMEDICA
Áttu við meltingarvandamál að stríða?




Bak við Svein má sjá listaverk úr flöskum og dósum en endurvinnsla og vistvænt heimili eru í forgrunni á umhverfishátíð í Norræna húsinu um helgina.

Brynhildur Björnsdóttir
brynhildur@frettabladid.is



Framhald af forsíðu ➜

Dagskráin verður fjölbreytt og hentar fyrir gesti á öllum aldri með áherslu á nýtingu á heimilinu og umhverfis það enda eru það lítil vistkerfi þar sem íbúarnir setja sjálfir reglurnar og margt smátt gerir eitt stórt.

Meðal viðburða er samtal þar sem Sveinn Kjartansson sjónvarpskokkur og Eveline Bünter frá Flatbökusamsteypunni ræða um pitsuna sem hina fullkomnu sveigjanlegu uppskrift og hvernig nýta má íslenskt hráefni á frumlegan hátt. „Við í Aalto Bistro ætlum að vera með Eveline í því að nota staðbundið hráefni í matargerð, til dæmis notum við bara íslenskt korn í deigið og íslenska tómata í sósuna," segir Sveinn Kjartansson sem auk þess að vera þekktur matreiðslu- og sjónvarpsmaður rekur veitingastaðinn Aalto Bistro í Norræna húsinu. Með nálgun sinni að pitsubakstri þar sem eingöngu eru notuð íslensk hráefni er markmið hópsins sem stendur að Flatbökusamsteypunni að gera neytendur meðvitaða um hvaðan maturinn þeirra kemur og hvernig hann verður til. Á vefsíðu samsteypunnar, Flatbokusamsteypan.is má sjá markmið samsteypunnar og enn fremur heimildarmynd þar sem kannað er hvort hægt er að gera pitsu úr íslensku hráefni eingöngu og jafnvel baka hana í ofni sem er búinn til á Íslandi með íslensku eldsneyti. Hægt verður að kynna sér starfsemi Flatbökusamsteypunnar nánar á sýningunni en Sveinn segir að þau Eveline ætli sér ekki að halda matreiðslunámskeið enda sé það ekki markmiðið. „Við förum hins vegar yfir ýmislegt varðandi nýtingu og innkaup, því Eveline vill, eins og hún segir sjálf, vera millistykkið sem hefur áhrif á fólk til að breyta hugsunarhætti þess í þessu samhengi," segir Sveinn og bætir við að pitsan sé gagnlegt kennslutæki því bæði er hún vinsæll matur og höfðar til flestra en svo er pitsan upprunalega aðferð til að nýta afganga og handhægt að opna ísskápinn og nýta það sem þar er með pitsudeigi, tómatsósu og osti til að gera afbragðspitsu. „Mitt framlag verður hins vegar kaka úr kökuafgöngum því oft verða afgangar af kökum á veitingastaðnum sem er synd að þurfa að henda," segir Sveinn. „Ég hef gert þetta stundum og það eru sko engar slorkökur sem verða til úr því. Ég hef verið að sanka að mér kökuafgöngum sem er mikið til af núna, bæði eftir páskana og fermingarnar, og svo eru stundum afgangar af kökum á veitingastaðnum. Leyndarmálið er að mylja kökuafgangana saman og bæta við eggjum, setja í form og baka á vægum hita. Með þessu er alveg hægt að baka kökur fyrir fjölskylduna án þess að það sé eitthvert sérstakt tilefni þegar verið er að nýta kökuafganga úr kexskúffunni eða frystinum." Samtal Eveline og Sveins á sér stað klukkan þrjú á sunnudaginn en meðal annarra viðburða í Norræna húsinu um helgina má nefna sýningu á vegum hönnunarnema við Listaháskóla Íslands þar sem þemað er matarupplifun, matarhönnun, vannýtt hráefni og nýsköpun, Kvenfélagasamband Íslands opnar saumaverkstæði í Norræna húsinu þar sem verður kennt að sauma eigin innkaupapoka úr efni sem til fellur, Garðyrkjufélag Íslands stendur fyrir námskeiði í moltugerð, sýndar verða heimildarmyndir og boðið verður upp á fyrirlestra frá umhverfisverðlaunahöfum Norðurlandaráðs um hvernig á að draga úr matarsóun. Boðið verður upp á smiðjur, fyrirlestra, námskeið, kynningar, hönnunarsýningu og heimildarmyndir.

Helstu samstarfsaðilar eru: Garðyrkjufélag Íslands, Landvernd, Listaháskóli Íslands, Matís, Sorpa, Umhverfisstofnun og Vakandi. Norðurlönd í fókus taka þátt í að skipuleggja og kosta umhverfishátíðina.

Dagskráin hefst klukkan eitt og stendur til fimm báða dagana. Þátttaka er ókeypis og allir eru velkomnir meðan húsrúm leyfir.

TILBOÐ
4 réttir + súpa dagsins
aðeins 1.690 kr.*
NAUTAKJÖT Í OSTRUSÓSU
KJÚKLINGUR Í KARRÝSÓSU
NÚÐLUR MEÐ GRÆNMET
DJÚPSTEIKTAR RÆKJUR MEÐ SÚR/SÆTRI SÓSU
*tekið með heim – 1.990 kr. ef borðað er á staðnum.
Frábær hóptilboð
Sjáðu öll tilboðin okkar á
www.kinahofid.is

Opið alla daga vikunnar frá kl. 11:00 - 22:00

KÍNAHOFIÐ
Kínahofið veitingahús | Nýbýlavegi 20 | 200 Kópavogi
www.kinahofid.is | Sími 554 5022

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

**Útgefandi:** 365 miðlar | **Ábyrgðarmaður:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson | **Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 512 5457 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433 | **Máté Dalmay,** mate@frettabladid.is, s. 512 5442 ,


GERRY WEBER - TAIFUN
GÆÐAFATNAÐUR
Skoðið
laxdal.is
VORKOMAN Í NÁND
FISLÉTTTIR DÚNJAKKAR FRÁ KR. 19,900,- SUMARFRAKKAR FRÁ KR. 18900,-
Skoðið
laxdal.is/
yfirhafnir
BERNHARÐ
LAXDAL
Laugavegi 63 • Skipholti 29b • Sími 551 4422 • www.laxdal.is









Mælistikur eða Fæðingarstikur eru meðal þess sem Gústav og Ágústa framleiða úr afgöngum. Stikurnar eru skornar í fæðingarlengd barns og þyngd þess, nafn og fæðingardagur svo grafin í.

# Ekkert fer til spillis

## Spýtukubbar, afgangar og afskurður verður hönnuðunum Gústav Jóhannessyni og Ágústu Magnúsdóttur að efnivið. Á HönnunarMars sýndu þau handunna vörulínu sem þau kalla Afganga.

**Ragnheiður Tryggvadóttir**
heida@frettabladid.is



Gríðarlega mikið magn af fallegu og rándýru efni safnast saman í hvert skipti sem við búum til nýtt eintak af vöru á verkstæðinu hjá okkur. Við notumst einungis við gegnheilan við og erum því oft á tíðum með margfalt hærri efniskostnað en margir aðrir og því er sérlega mikilvægt fyrir okkur að geta nýtt efnið til fulls,“ útskýrir Ágústa Magnúsdóttir sem myndar hönnunartvíeykið Agustav ásamt manni sínum, Gústav Jóhannessyni.

Þau vöktu athygli á HönnunarMars fyrir nýja seríu af heimilis- og lífsstílsvörum, sem gengur út á að þaulnýta allt sem til fellur á verkstæðinu. Línan ber viðeigandi nafn, Afgangar.

„Undir þeirri línu eru einungis vörur sem eru unnar úr afgöngum og afskurði. Ef varan verður svo nægilega vinsæl til að við þurfum að skera niður heila planka til að framleiða hana sérstaklega er hún ekki afgangavara lengur heldur partur af framleiðslunni og vara sem sjálf þarf að geta af sér aðrar afgangavörur,“ útskýrir Gústav. „Við erum mjög upptekin af því að framleiðslan sé sem umhverfisvænust og til að koma til móts við þær auðlindir sem við notum í framleiðslunni okkar gróðursetjum við tré fyrir hverja selda vöru. Okkur finnst mikilvægt að minnka affall frá fyrirtækinu og afgangalínan er liður í því. Við höfum ekki efni á því lengur að gera bara það sem okkur sýnist. Heimurinn er kominn á slíkan stað í dag að ef hann á að vera heimili fyrir börnin okkar þurfum við virkilega að fara að taka okkur á, öll sem eitt. Það þýðir ekkert að vera latur í þessum málum,“ segir Gústav.



Umhverfisvæn hönnun og gernýting á hráefni er þeim Gústav og Ágústu hugleikin. Hönnun þeirra má sjá að Funahöfða 3 og á vefsíðunni Agustav.is MYND/EYÞÓR

Afgangalínan samanstendur af mælipriki, standi undir penna eða tannbursta, reglustikum og hreyfanlegri merkistiku, ýmist úr reyktri eik, eik, hnotu, mahóní, hlyn eða beyki. Mæliprikin kalla hönnuðirnir líka „fæðingarprik“ en þau eru skorin í fæðingarlengd barns og í þau grafin þyngd barnsins, nafn og fæðingardagur.

„Þar með myndast einstaklega persónuleg og falleg eign sem getur fylgt einstaklingnum í gegnum lífið,“ segir Ágústa. „Við höfum meira að segja fengið pantanir fyrir heilu fjölskyldurnar þar sem börnin og foreldrarnir fá öll sitt mæliprik sem verður svo hengt upp á vegg og myndar fallegan skúlptúr.“

Þetta eru þó ekki fyrstu vörurnar sem unnar er úr afgöngum á verkstæði Agustav. „Fyrsti barstóllinn okkar varð til því við áttum ferhyrndan klump af gegnheilli eik sem okkur langaði að nýta og úr varð handformuð barstólseta. Kollarnir komu til lífs úr afskurði af borðum sem við höfum verið að vinna,“ útskýrir Gústav og segir ekki erfitt að finna afsagi og afgöngum form eða notagildi.

„Það er hins vegar áskorun að búa til vöru sem er fullhönnuð og með endingargildi í huga. Við sjáum engan tilgang í því að búa til vöru sem mögulega endar í ruslinu á næstu árum. Það kemur bara ekki til greina.“

Á HönnunarMars frumsýndu þau á annan tug nýrra vara og opnuðu af því tilefni nýtt sýningarrými að Funahöfða 3. Fram undan eru sýningar erlendis.

„Næsta skref hjá okkur verður að sýna á húsgagnasýningunni ICFF í New York í maí. Við erum svo með sýningu í Þýskalandi í kortunum fyrir haustið en í millitíðinni ætlum við að rjúka í einn viðskiptahraðal sem er einnig í New York og sjá hvert það leiðir okkur.“

FERÐABLAÐ

Veglegt sérblað Fréttablaðsins
um sólarlandaferðir kemur út 7. apríl nk.

Tryggðu þér gott auglýsingapláss
í langmest lesna dagblaði landsins.



Upplýsingar hjá auglýsingadeild Fréttablaðsins í síma 512-5402
eða sendu okkur póst á netfangið serblod@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ




# LANCÔME KYNNING

## LYFJU LÁGMÚLA, LAUGAVEGI, SMÁRALIND, SMÁRATORGI OG REYKJANESBÆ 4.- 6. APRÍL.

**VISIONNAIRE KAUPAUKI.**

VISIONNAIRE LÍNAN er háþróuð húðlagfæring sem vinnur gegn hrukkum, húðholum, eykur teygjanleika og fegrar áferð húðarinnar.

SERUM 10 ml áhrifaríkasta Visionnaire varan.

DAGKREM 15 ml mýkir húðina og dregur úr hrukkum.

NÆTURKREM 15 ml gelkrem og húðin verður þéttari og ljómandi.

AUGNKREM 5 ml gegn hrukkum, dökkum baugum og pokum.

GENIFIQUE SERUM 7 ml „MUST HAVE frá Lancôme, grunnurinn að fegurð húðarinnar sem allar konur ættu að eiga.



**20%**

**AFSLÁTTUR AF**

LANCÔME VÖRUM
4. – 7. APRÍL.

Þessi VISIONNAIRE askja er kaupaukinn þinn þegar keyptar eru LANCÔME vörur fyrir 8.900 kr eða meira á meðan birgðir endast.

**NÁNARI UPPLÝSINGAR UM KYNNINGUNA ER Á LYFJA.IS**

lyfja.is

LYFJA
– Lifið heil

# Garðyrkjuáhugi vex stöðugt

Guðríður Helgadóttir fjallar um vorverkin í garðinum í Gerðubergi í kvöld með sérstakri áherslu á undirbúning matjurtaræktunar. Þá fer hún yfir það helsta til að garðurinn haldist fallegur í sumar.

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Guðríður, eða Gurrý eins og fólk þekkir hana frá garðyrkjuþáttum í sjónvarpinu, starfar sem forstöðumaður starfs- og endurmenntunardeildar Landbúnaðarháskóla Íslands. Hún er með BS-gráðu í líffræði og MPM frá HÍ og garðyrkjufræðingur frá Garðyrkjuskóla ríkisins. Hún er ekki óvön að halda fyrirlestra um garðyrkju í Landbúnaðarháskólanum.

„Ég ætla að fjalla almennt um garðyrkjustörf í garðinum okkar þegar vorar. Til dæmis hverju þarf að ljúka áður en plönturnar verða grænar, klippingar og hvað má gera þegar allt fer að lifna við í garðinum. Hvað eigum við til dæmis að gera við mosann í grasinu? Síðan fjalla ég um áburðargjöf og viðhald á garðinum yfir sumarið. Hverju þarf maður að sinna til að garðurinn blómstri fallega allt sumarið.

**Þegar ég byrjaði í garðyrkju voru aðeins sérvitrir lúðar í lopapeysum sem voru að róta í moldinni. Nú þykir flott að rækta garðinn.**

Guðríður Helgadóttir



Einnig verð ég með sérstaka áherslu á matjurtaræktun,“ svarar Gurrý þegar hún er spurð hvers konar erindi þetta verður sem hún ætlar að bjóða gestum.

Hún bendir á að áhugi á matjurtarækt sé mjög mikill í dag. „Margir vilja vita hvaðan grænmetið kemur og hvernig á að fara að vilji maður rækta það sjálfur. Ég mun fjalla um forræktun og hvar sé hægt að kaupa forræktaðar jurtir. Sömuleiðis hvaða tími er bestur til að hefja þessa ræktun. Ætli megi ekki segja að ég fari vítt og breytt um sviðið. Fjalli um þessi helstu verkefni þótt ekki gefist tími til að kafa mjög djúpt í fræðin,“ segir hún.

Gurrý segist sýna fólki myndir til fróðleiks og lofar að þetta verði áhugavert spjall. „Það er alltaf skemmtilegra að hafa fyrirlestra á léttum nótum,“ segir hún. Gurrý hefur ekki áður flutt fyrirlestra í Gerðubergi í Breiðholti en fyrirlesturinn hefst kl. 20 í kvöld og er ókeypis inn. „Vonandi hefur fólk tök á að mæta og hafa gagn og gaman af.“

Þegar hún er spurð hvað það sé sem brenni helst á fólki varðandi garðyrkju, svarar hún: „Það er mjög misjafnt, oft er það vandamál með mosa á meðan aðrir vilja vita allt um klippingar. Sumir velta fyrir sér áburðargjöf eða hvernig á að losna við snigla úr kálgörðum. Það koma upp alls konar spurningar.“

Gurrý segist finna fyrir sérstaklega miklum áhuga á garðyrkju og matjurtarækt um þessar mundir. „Það er mikil ásókn í nám í garðyrkju og allt frá hruni hefur fólk verið mjög áhugasamt um alls kyns ræktun. Landsmenn leggja mikla áherslu á garðrækt, bæði við heimili og sumarbústaði. Það hefur orðið einhvers konar garðyrkjuvakning í landinu. Þegar fólk missti vinnuna í hruninu fór það að rækta matjurtir til að spara innkaup. Í fyrstu voru margir sem höfðu ekki hugmynd um hvernig ætti að bera sig að við þá ræktun enda hafði fólk keypt salatið úti í búð. Á sama tíma fækkaði utanlandsferðum en í staðinn vildi fólk gera fallegt í garðinum sínum og njóta hans í sumarfríinu. Þar fyrir utan er ungt fólk í dag mjög meðvitað um umhverfismál, nærumhverfið og mataræði. Þegar ég byrjaði í garðyrkju voru það aðeins sérvitrir lúðar í lopapeysum sem voru að róta í moldinni. Núna þykir flott að rækta sínar eigin matjurtir og það finnst mér alveg frábært.“

Gurrý hefur framleitt nýja garðyrkjuþætti sem til stóð að sýna á RÚV með vorinu. „Ég fékk hins vegar þær fréttir um páskana að þættirnir færu sennilega ekki í loftið núna en ég er innilega að vona að sú ákvörðun verði endurskoðuð. Þetta hefur verið þakklátt efni og margir nefnt það við mig að þeim finnist gaman að sjá alla þá möguleika í görðum sem íslenskt veðurfar býður upp á. Síðan er hugmyndaflug garðeiganda ótrúlegt þegar kemur að ræktun. Garðyrkjuáhugi er alltaf að aukast og nú eru til dæmis pottaplöntur komnar aftur í tísku sem er mjög ánægjulegt,“ segir hún.



Það er skemmtilegt að rækta sitt eigið salat.



Fallegur garður er mikið augnayndi.



# Smáauglýsingar

**512 5800**
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

STÓRA BÍLASALAN



**NÝIR BÍLAR!**
Discovery Sport HSE. Árgerðir 2018, dísel, sjálfskiptir. Verð 7.490.000. Rnr. 150444.

**Stóra bílasalan**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**http://www.stora.is**

SUZUKI



Suzuki mótorhjól Komdu og kíktu við í sýningarsal Suzuki. Ýmislegt spennandi til, sjón er sögu ríkari.

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

### Bílar til sölu



**TOYOTA HIACE 4X4, ÁRG. 2010 OG 2011**
Toyota Hiace 4x4, árg. 2010 og 2011 Mjög fallegir bílar, ekkert ryð. Langir. Verð 2.150 þús + vsk. jb@isfar.is - S. 897 3015.



Toyota Aygo árg 2013 Ek. 48 þús km. Vel umgengin bill. Tilboðsverð 990 þús kr. Uppl í s. 8961339



Toyota Yaris árg. '06 vél 1,0 ek. 127 þús beinsk 5 dyra skoðaður 19 filmur í rúðum. Góð dekk topp bíll. Verð 540þús gsm 8927852.

### Pallhýsi



**TIL SÖLU.**
Notuð pallhýsi verð frá 750.000 m/ vsk Nánari uppl. á pallhysi.is eða í s:849-2220

### Hjólbarðar

VAKA



**NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**
Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700

### Varahlutir

**Startarar & alternatorar**
í bíla, báta og vinnuvélar



**Bílaraf**
Flatahrauni 25 - Hafnarfirði
Sími 564 0400
www.bilaraf.is

### Viðgerðir

Almennar bílaviðgerðir. Sérgrein bremsuviðgerðir. Renni diska og skálar. Fljót og góð þjónusta. Bergfinnur ehf. 892 7852

Vissir þú að... börn eiga rétt á vernd gegn ofbeldi.
Barnaheill Save the Children á Íslandi

## Þjónusta

### Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Garðyrkja

Garðaþjónustan Björk
• Trjáklippingar
• Felli tré
• Garðyrkja
40 ára starfsreynsla
Jóhannes garðyrkjumeistari
S. 782 6543 og 846 8643
www.gardyrkjumeistari.is

### Bókhald

HSE Bókhald & Uppgjör slf
Skattframtöl, Bókhald, Vsk. & launauppgjör, Ársuppgjör.
Ódýr og góð þjónusta
www.hsebokhald.is
hsebokhald@hsebokhald.is
Sími: 6926910

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

**RETTA- BOKHALDSÞJONUSTA.**
Getum bætt við okkur verkefnum. Alhliða bókhaldsþjónusta. Sanngjörn verð og góð þjónusta. Uppl. í s. 8548080/5168080 eða olafur@retta.is.

### Málarar

Getum bætt við okkur inni og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758

**REGNBOGALITIR EHF**
Alhliða málningarþjónusta löggiltra fagmanna. malarar@simnet.is Sími 891 9890

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald

K2
LOFTSTOKKAHREINSUNIN
• FYRIRTÆKI
• FJÖLBÝLISHÚS
• SKIP
• VEITINGASTAÐIR



Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

Reyndur húsasmiður óskar eftir vinnu eða sjálfstæðum verkefnum. Uppl. í s. 865 0777, Reynir.

### Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Janna.

### Spádómar

**SÁ SÍMASPÁ Í 844 6845**
Spáir í spil og bolla . Símaspá, Einkaspá. Geymið auglýsinguna. Er á facebook

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Keypt & Selt

### Til sölu

HUMARSALAN

Ný veiddur Hornafjarðarhumar og fleira góðgæti úr hafinu. Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI. WWW. HUMARSALAN:IS S. 867 6677

mýranaut

Ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204



## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## Heilsa

## Nudd




Thai- nuddstofan hjá Joom hefur stækkað og hefur flutt að Háaleitisbraut 58-60, 2 hæð t.h Boðið er upp á thailenskt teygju og olíunudd auk annarra nuddtegunda Pantanir í síma 8923899.

## Heimilið

## Barnavörur



**SYSTKINA VAGN/KERRA**
Verð frá 165.900 kr. Barnið Okkar - Hlíðasmára 4 - 201 Kóp. barnidokkar.is

## Húsnæði

## Húsnæði óskast

Óska eftir litilli 2ja herb. íbúð eða studio íbúð á höfuðborgarsvæðinu er kk hjúkrunarfræðingur.Skilvísum greiðslum og reglusemi heitið. s:7860441 Sæmundur.

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

## Atvinna

## Atvinna í boði

**CLEANING COMPANY**
is looking for people to work in cleaning services,( bussines and residentials). Part time/full time job. English and experience are mandatory.Motivating salary depending on performance. Required: professionalism, reliability and flexibility.
**The applications for job will be send to the e-mail adress hallo@stedum.is/ cami@stedum.is, until 9'th of may**

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000 Netfang proventus@proventus.is**

## Fasteignir

**TRAUSTI fasteignasala**

**Kristján Baldursson hdl.** Löggiltur fasteignasali og leigumiðlari S: 867-3040

**Gylfi Jens Gylfason** hdl., löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali. S: 822-5124

### Langholtsvegur 178 – 104 Reykjavík
**OPIÐ HÚS Í DAG MIÐVIKUDAG KL. 17:30 – 18:00**




Rúmgóð 5 herbergja hæð og ris í tvíbýlishúsi. Eignin er skráð 216,4 fm. þar af er bílskúr 34,5 fm. Mjög áhugaverð eign sem hefur fengið gott viðhald í gegnum tíðina á góðum stað í Vogahverfinu.
**Verð: 76,9 millj.**

**Trausti fasteignasala, trausti@trausti.is, s.546-5050, Vegmúla 4, 108 Reykjavík**

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

INHOPE insafe SAFT

TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU

## Tilkynningar

# SKIPULAGSBREYTING

Deiliskipulag Miðbæjar Hraun Vestur

**Skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum 31.okt.2017 að auglýsa á ný tillögu að deiliskipulagi Miðbæjar Hrauns Vestur með vísan til 2. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.**

**Endurauglýsingin byggir á athugasemdum Skipulagsstofnunar við greinagerð deiliskipulagsins dags. 18.sept 2015.**

Tillögurnar verða til sýnis í þjónustuveri Hafnarfjarðar Strandgötu 8-10 og hjá Umhverfis- og skipulagsþjónustu að Norðurhellu 2, frá 04. 04. til 16. 05. 2018. Hægt er að skoða deiliskipulagstillöguna á vef Hafnarfjarðarbæjar **www.hafnarfjordur.is**. Nánari upplýsingar eru veittar á umhverfis- og skipulagsþjónustu.

Þeim sem telja sig hagsmuna eiga að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytinguna og skal þeim skilað skriflega til umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðarbæjar, eigi síðar en 16. maí. 2018. Þeir sem eigi gera athugasemdir við breytinguna innan tilskilins frests, teljast samþykkir henni.

Umhverfis- og skipulagsþjónusta Hafnarfjarðar.

Skipulagsfulltrúi

**HAFNARFJARÐARBÆR**
RÁÐHÚS HAFNARFJARÐAR
STRANDGÖTU 6

**ÞJÓNUSTUVER**
OPIÐ FRÁ KL. 8.00 – 16.00
ALLA VIRKA DAGA

**585 5500**
hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

FRÉTTABLAÐIÐ

89%

af lesendum dagblaða*
á höfuðborgarsvæðinu
á aldursbilinu 18–49 ára
lesa Fréttablaðið daglega.




*Fréttablaðið og Morgunblaðið.
Heimild: Prentmiðlamæling Gallup okt. des. 2017.




Allt sem þú þarft ...

Ertu að leita að talent?
Við finnum starfsmanninn fyrir þig

Umsækjendur, skráið ykkur á
www.talentradning.is
talent@talentradning.is/bryndis@talentradning.is - Sími: 552-1600

TALENT
RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF




brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6 · Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5 · Sími 515 7050

volvocars.is

# Skotsilfur

## Stýrir alþjóðasviði



**Einar Páll Tómasson,** sem hefur starfað hjá Icelandair um árabil, hefur verið ráðinn forstöðumaður alþjóðasviðs greiðslukortafyrirtækisins Borgunar. Tekur hann við starfinu af Finni Sveinbjörnssyni sem tók fyrr á árinu til starfa sem framkvæmdastjóri bankasviðs Fjármálaeftirlitsins. Einar Páll gegndi áður starfi forstöðumanns markaðs- og viðskiptaþróunardeildar Icelandair en auk þess starfaði hann sem svæðisstjóri flugfélagsins fyrir meginland Evrópu. Hann er ekki ókunnugur kortamarkaðinum en árin 1999 til 2005 var hann markaðsstjóri MasterCard á Íslandi.

## Til Stefnis



**Óðinn Árnason,** sem hefur starfað sem sjóðsstjóri hjá Stapa lífeyrissjóði, hefur verið ráðinn til sjóðastýringarfyrirtækisins Stefnis þar sem hann mun starfa í hlutabréfateymi fyrirtækisins. Óðinn hefur starfað hjá Stapa frá árinu 2012 en þar áður starfaði hann meðal annars hjá Sparisjóðabanka Íslands, Íslenskum verðbréfum og Kaupþingi í Svíþjóð. Óðinn kemur til Stefnis í stað Tómasar Karls Aðalsteinssonar, en eins og greint var frá í Markaðinum í síðustu viku hefur sá síðarnefndi ráðið sig til Íslenskra fjárfesta þar sem hann mun stýra erlendum hlutabréfasjóðum verðbréfafyrirtækisins.

## Sat í lánanefnd



Nokkra athygli vakti að **Guðrún Johnsen** væri á meðal umsækjenda um embætti aðstoðarseðlabankastjóra. Eins og margir muna sat hún í stjórn Arion banka frá árinu 2010 þar til í desember í fyrra. Var hún um skeið varaformaður stjórnar en auk þess sat hún í áhættunefnd í nokkur ár og tvívegis í lánanefnd. Fyrra skiptið var árið 2014, sama ár og bankinn ákvað að fjármagna kísilver United Silicon, og síðara skiptið árið 2017, sama ár og bankinn afskrifaði hátt í fimm milljarða vegna kísilversins. Forsætisráðherra hefur það væntanlega í huga við valið á eftirmanni Arnórs Sighvatssonar.

# Viðskiptastríð í vændum



Óttast er að yfirvofandi viðskiptastríð Bandaríkjanna og Kína muni ekki aðeins skaða hagkerfi beggja ríka, heldur jafnframt draga úr hagvexti á heimsvísu. Stjórnvöld í Kína hafa brugðist við tollum Bandaríkjastjórnar á innflutt ál og stál með því að hækka tolla á fjölmargar bandarískar innflutningsvörur, svo sem svínakjöt og ávexti. Virði bandarísku varanna, sem tollarnir ná til, er metið á um þrjá milljarða dala. NORDICPHOTOS/GETTY

# Til varnar viðskiptahalla



**Kristrún Frostadóttir**
aðalhagfræðingur Kviku banka

Viðskiptaafgangur síðustu ára hefur verið okkur haldreipi í endurreisn efnahagslífsins. Slíkur afgangur bendir ekki bara til þess að við flytjum meira út en inn heldur líka að við spörum meira en við fjárfestum. Stóra spurningin er hvort sparnaðurinn dugi næstu árin til að mæta nauðsynlegri uppbyggingu. Ungir einstaklingar fjárfesta umfram sparnað, t.a.m. í húsnæði. Fyrirtæki í uppbyggingarfasa fjárfesta fyrir meira en sem nemur hagnaði. Og ungar þjóðir sem standa í uppbyggingu á nýjum atvinnugreinum og eru með lága framleiðni ráðast gjarnan í fjárfestingar umfram þjóðarsparnað til að auka framleiðslugetu sína.

Íslenski afgangurinn fer nú minnkandi, og ekki útilokað að hann hverfi eða snúist í halla eftir nokkur ár, en viðskiptahalli er ekki slæmur ef hann skapast vegna aukinnar fjárfestingar í arðbærum verkefnum. Norðmenn voru með mikinn halla á viðskiptum við útlönd þegar þeir byrjuðu að bora í Norðursjó á áttunda áratugnum. Olíufjárfestingin var að mestu leyti fjármögnuð með erlendri skuldsetningu, og sló fjármagnshallinn í 15% af landsframleiðslu þegar hæst lét. Þetta var mjög skynsamlegur viðskipta- og fjármagnshalli. Hagfræðilega séð er lítill munur á fjárfestingum í olíugeiranum og annars slags fjárfestingu sem stuðlar að aukinni framleiðni og því ekkert athugavert við að hagkerfi sé með viðskiptahalla, eða lítinn afgang, í uppbyggingarfasa.

Viðskiptahalla fylgir fjármagnshalli – þ.e. hagkerfi „flytur inn“ meira fjármagn en það „flytur út“. Þannig eru tilkomin ferskustu hugrenningatengsl Íslendinga milli viðskiptahalla og mikillar skuldasöfnunar, enda viðskiptahallinn rúmlega 10% af landsframleiðslu árin fyrir hrun. Það er þó ekki stærð fjármagnsinnflæðisins, og þar með hallans eða afgangsins, sem skiptir öllu máli heldur nýting fjármagnsins eins og norska dæmið sýnir. Vandamál Íslands í aðdraganda fjármálakreppunnar, sem og einnig Grikklands, Írlands og Spánar, var ekki hallinn sem slíkur heldur að svigrúmið sem skapaðist í efnahagslífinu með fjármagnsinnflæðinu var að miklu leyti nýtt í neyslu og áhættusamar og misskynsamlegar

> Norðmenn hafa sýnt og sannað að til er skynsamlegur viðskiptahalli og að erlend aðstoð við uppbyggingu á útflutningsgreinum getur borgað sig.

skuldsettar fjárfestingar (ekki síst erlendis).

Ein leið til að tryggja skynsamlegri og áhættuminni fjárfestingar er að stýra erlendu fjármagnsflæði í beina fjárfestingu eða eigið fé fyrirtækja, frekar en í skuldapappíra (sér í lagi erlend bankalán). Slíkt fjármagn er síður kvikt og auðveldara er að skrifa niður þær skuldbindingar ef illa fer. Ágætt dæmi í þessu samhengi er ólík reynsla Grikklands og Búlgaríu í alþjóðlegu fjármálakreppunni. Bæði lönd voru með mikinn viðskiptahalla í aðdraganda kreppunnar og mjög neikvæða erlenda stöðu. Búlgaría náði sér þó fljótt eftir harða en stutta niðursveiflu, ólíkt Grikklandi. Hér skipti sköpum að erlendar kröfur voru mestmegnis í formi beinnar fjárfestingar, en ekki ríkisskulda sem krefjast fastra vaxta- og höfuðstólsgreiðslna sama hvað á gengur.

Samstaða virðist nú ríkja um mikla uppsafnaða fjárfestingarþörf í íslenska hagkerfinu. Því mun fylgja aukinn innflutningur og aukið erlent innflæði fjármagns ef uppbyggingu er sinnt sem skyldi. Ungar þjóðir með ungar atvinnugreinar í uppbyggingarfasa eiga að nýta sér þá hagkvæmni og þekkingu sem felst í innfluttum framleiðslutækjum (fjármagn, vörur og vinnuafl). Áhættusemi fjárfestinga þarf alltaf að meta, en eðli fjármögnunarinnar skiptir sérstaklega máli fyrir hagkerfið í heild sinni í tilviki erlends fjármagns. Norðmenn juku skuldir sínar í uppbyggingu, enda höfðu þeir mikla hagsmuni af því að halda eignarhaldi á olíuinnviðunum. Á móti kom að há arðsemi verkefnisins lá fyrir langt fram í tímann. Í tilvikum þar sem meiri óvissa er um langtíma arðsemi gæti borgað sig að bjóða erlendum aðilum frekar eignarhluti í undirliggjandi verkefni, og minnka þannig áhættuna.

Norðmenn hafa sýnt og sannað að til er skynsamlegur viðskiptahalli og að erlend aðstoð við uppbyggingu á útflutningsgreinum getur margborgað sig. Undir réttum kringumstæðum er minnkandi viðskiptaafgangur því styrkleikamerki, fremur en áhyggjuefni. Við spöruðum okkur út úr síðustu kreppu, en sparnaður umfram fjárfestingu getur líka verið áhyggjuefni ef slíkt ástand festist í sessi sem markmið í sjálfu sér, óháð fjárfestingarþörf hagkerfisins.

# Er of mikið lesið í Snapchat?



**Björn Berg Gunnarsson**
fræðslustjóri Íslandsbanka

Samfélagsmiðlar reyna að safna sem flestum notendum og veita auglýsendum í kjölfarið aðgengi að þeim. Markmiðið er að hagnast á þeim persónuupplýsingum sem við veitum með notkun okkar en halda okkur ánægðum samtímis. Ef eitthvað verður til þess að draga úr vinsældum miðils hefur það að sjálfsögðu áhrif á tekjumöguleika hans. Það mætti því telja eðlilegt að vegna Cambridge Analytica skandalsins á dögunum hafi hlutabréfaverð Facebook lækkað um 15 prósent.

Snapchat var skráð á markað fyrir rúmu ári. Síðan þá hefur hlutabréfaverðið sveiflast villt og galið og hreyfingar í hlutabréfaverði hafa oft verið tengdar við tilkynningar frá einstaka notendum í frægari kantinum. Nýlegt dæmi er þegar söngkonan Rihanna gagnrýndi réttilega auglýsingu miðilsins, sem var hreint ótrúlega smekklaus. Hlutabréf fyrirtækisins lækkuðu um fjögur prósent samdægurs og sögðu fjölmiðlar 80 milljarða króna þannig hafa horfið vegna ummæla stjörnunnar. Svipaða sögu má segja af viðbrögðum Kylie Jenner við uppfærslu forritsins þar sem hún gaf í skyn að allir væru hættir að snappa. Gengið lækkaði um sex prósent þann sama dag.

Hversu þungt vega þó þessar fréttir þegar litið er á stóru myndina? Að meðaltali hækkar eða lækkar hlutabréfaverð Snapchat um meira en fjögur prósent í hverri einustu viku, sem telst afar mikil verðbreyting og fréttnæm í sjálfu sér. Tólf sinnum hefur verðið lækkað um meira en sex prósent og 16 sinnum hefur það hækkað um hið sama. Útboðsgengið í aðdraganda skráningar var 17 og undanfarið hálft ár hefur gengið verið öðrum hvorum megin við 15. Það er þrátt fyrir allar fréttirnar hærra en það var síðasta haust.

Það er vissulega áhugavert að einstaklingar geti haft mikil áhrif á hlutabréfaverð með stöku tísti eða færslu á Instagram en getur verið að við séum stundum að lesa of mikið í verðbreytingar Snapchat?




*Hafið samband og kynnið ykkur möguleikana*

**Heimilistæki** ht.is

*Söludeild, sími 569 1520, sala@ht.is*

MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 4. apríl 2018

FRÉTTABLAÐIÐ.IS frettabladid.is | Instagram fréttablaðsins @frettabladid

# Arctica hagnast um 212 milljónir



Bjarni Þórður Bjarnason.

Hagnaður Arctica Finance á árinu 2017 nam tæplega 212 milljónum borið saman við nærri 500 milljóna hagnað árið áður. Samkvæmt nýbirtum ársreikningi félagsins voru þóknanatekjur um 844 milljónir í fyrra og drógust saman um liðlega 380 milljónir. Rekstrarkostnaður var ríflega 600 milljónir og jókst um nærri tíu prósent. Eigið fé var 845 milljónir í árslok 2017 og eiginfjárhlutfallið 49 prósent. Stærstu A-hluthafar Arctica eru Bjarni Þórður Bjarnason aðstoðarframkvæmdastjóri með 50,25 prósent og Stefán Þór Bjarnason framkvæmdastjóri með 33,5 prósent.

Í október var greint frá því að Fjármálaeftirlitið hefði gert Arctica Finance að greiða 72 milljóna króna stjórnvaldssekt fyrir að hafa brotið gegn lögum um fjármálafyrirtæki og reglum um kaupaukakerfi. Þá var félaginu gert að láta af frekari arðgreiðslum til hluthafa í B-, C- og D-flokki. Arctica höfðaði í kjölfarið dómsmál til að fá ákvörðun FME hnekkt en málið var tekið fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur í lok síðasta mánaðar. – hae

28.03.2018



**Samkeppniseftirlitið á ekki að stýra því hvernig íslenskt viðskiptalíf er uppbyggt.**

Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins

## Stjórnarmaðurinn

@stjornarmadur

# Neytendum í hag

**Samkeppniseftirlitið** gerir athyglisverðar athugasemdir við fyrirkomulag leigubílarekstrar á Íslandi í umsögn um þingsályktunartillögu um frelsi á leigubifreiðamarkaði. Í athugasemdum eftirlitsins kemur meðal annars fram að fjöldi leigubifreiðaleyfa á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum hafi verið hinn sami undanfarin ellefu ár, þrátt fyrir mikla fólksfjölgun og sprenginguí komu ferðamanna til landsins. Samkeppniseftirlitið gerir sömuleiðis athugasemdir við þá kröfu að leigubílaakstur sé aðalatvinna ökumanns, hver leyfishafi megi einungis fá eitt leyfi og þá skyldu að leigubílstjórar tilheyri leigubílastöð. Þá er bent á að Eftirlitsstofnun EFTA hafi nú þegar gert athugasemd við sambærilega umgjörð leigubílaaksturs í Noregi.

**Ef draga ætti** niðurstöður Samkeppniseftirlitsins saman má segja að eftirlitið telji núverandi kerfi handónýtt og úr sér gengið. Auðvitað er það rétt hjá Samkeppniseftirlitinu. Aðgangshindranir á markaðnum eru allt of miklar og óyfirstíganlegar fyrir þá sem myndu vilja draga leigubílarekstur inn í nútímann. Sú staðreynd að Eftirlitsstofnun EFTA hafi nú þegar fellt sambærilegt kerfi í Noregi bendir sömuleiðis til þess að einungis sé tímaspursmál hvenær leigubílarekstur verður gefinn frjáls á Íslandi.

**Það er góðs viti** að Samkeppniseftirlitið sé með á nótunum í þessu máli sem vissulega varðar mikla neytendahagsmuni. Stundum hefur nefnilega vantað upp á að opinberir aðilar gefi tækninýjungum og rekstrarþróun nægilegan gaum. Nægir þar að nefna þá staðreynd að á sjónvarpsmarkaði hefur eftirlitið ekki talið alþjóðlega aðila á borð við Netflix eða iTunes starfa á sama markaði og innlendar sjónvarpsstöðvar þrátt fyrir að upplifun þeirra sem á markaðnum starfa sé allt önnur. Samkeppniseftirlitið hefur heldur ekki talið YouTube eða Facebook sem hluta af innlendum auglýsingamarkaði, og virðist heldur ekki líta svo á að innlendir smásalar glími við samkeppni frá erlendum stórverslunum á netinu. Samkeppniseftirlitið hefur með öðrum orðum verið nokkuð á eftir samtíðinni í þessum málum.

**Nú kveður** hins vegar við nokkuð nýjan tón, en verði skoðun Samkeppniseftirlitsins ofan á gæti það orðið til þess að opna leiðina til Íslands fyrir erlenda aðila á borð við Uber eða Lyft. Núverandi kerfi hamlar nýsköpun og verðlaunar þá ekki sem veita framúrskarandi þjónustu, enda sama verð greitt óháð gæðum bifreiðar eða viðmóti bílstjóra. Auðvitað ættu bæði neytendur og bílstjórar að fagna auknu frelsi í greininni.





25 ára afmælistilboð Hirzlunnar



A7 RAFMAGNSBORÐ
með 2 mótorum og minnisstýringu. Fjöldi stærða og lita í boði.
Áður frá 101.700 kr.
Nú frá 71.190 kr.

30% afsláttur af öllum vörum
... og meira af sumum allan afmælismánuðinn!

MYNDFORM GRAFÍK



ERGOMEDIC 100-2
með 360° Dondola
Áður 169.900 kr.
Nú 118.930 kr.



HEADPOINT
Áður 71.900 kr.
Nú 49.900 kr.



-30%

TENTO MÖPPUSKÁPAR
Mikið til á lagar í eik, hvítu, beiki og svörtu.

ERT ÞÚ MEÐ VERKEFNI?
Leitaðu tilboða því við viljum allt fyrir þig gera á afmælisárinu

Hirzlan 25 ára
SKRIFSTOFUHÚSGÖGN - MEÐ ÞÉR Í 25 ÁR

Síðumúla 37,
108 Reykjavík
Sími: 564-5040
hirzlan@hirzlan.is
www.hirzlan.is

# Fréttamenn sem standa undir nafni

Fréttablaðið var stofnað árið 2001 og hefur verið mest lesna dagblað landsins frá upphafi. Þar starfa hátt í 100 hæfileikaríkir einstaklingar sem allir leggja hönd á plóg við að gera Fréttablaðið að einum stærsta fjölmiðli landsins. Á meðal þeirra er Gunnþóra Gunnarsdóttir, aðstoðarritstjóri Fréttablaðsins.

Gunnþóra Gunnarsdóttir
*fréttamaður*




Fréttir og ítarleg umfjöllun á frettabladid.is

FRETTABLADID.IS    FRÉTTABLAÐIÐ APP    FRÉTTABLAÐIÐ



Útgefandi og aðalritstjóri: Kristín Þorsteinsdóttir, kristin@frettabladid.is



✝

Kær systir okkar, mágkona og frænka,

**Guðný Alda Einarsdóttir**

frá Hreggstöðum á Barðaströnd,

lést að heimili sínu í Sjálfsbjörg, Hátúni 12, þann 7. mars sl. Útför hennar fer fram frá Digraneskirkju í Kópavogi föstudaginn 6. apríl kl. 11.00.

Guðný verður lögð til hinstu hvílu við hlið eiginmanns síns í Þingeyrarkirkjugarði sunnudaginn 8. apríl kl. 11.00.

**María Henley**
**Þórdís Heiða Einarsdóttir**
**Sturla Einarsson** **Freyja Valgeirsdóttir**
**Andrés Einar Einarsson** **Halldóra Berglind Brynjarsdóttir**
**Guðrún Björg Einarsdóttir** **Helgi Guðjón Bjarnason**
**og fjölskyldur.**

---



✝

Ástkær faðir okkar, sonur og bróðir,

**Ingólfur Rúnar Sigurz**

sem lést 26. mars sl. verður jarðsunginn frá Bústaðakirkju miðvikudaginn 4. apríl kl. 11.00. Blóm og kransar eru afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hans er bent á söfnunarreikning fyrir börnin hans, 0526-14-401653 – kt. 050900-2740.

**Kristín Rán Sigurz**
**Alexander Breki Sigurz**
**Ingunn Þóra Jóhannsdóttir** **Skúli E. Sigurz**
**Berglind, Dagmar, Margrét**
**og aðrir aðstandendur.**

---



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Guðmundur Helgi Sigurðsson**

Rauðagerði 33,

lést á líknardeild Landspítalans þann 29. mars síðastliðinn. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju þann 6. apríl klukkan 15.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþökkuð en þeim sem vilja minnast hans er bent á líknardeild Landspítalans.

**Bergdís R. Jónasdóttir**
**Jónas Guðmundsson**
**Sigurður Guðmundsson** **Svana Steinsdóttir**
**Jóhanna Guðmundsdóttir** **Helgi Helgason**
**og barnabörn.**

---



✝

Okkar ástkæra

**Jórunn Guðrún Oddsdóttir**

Melhólum 8, Selfossi,

lést 26. mars. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 6. apríl kl. 13.

**F.h. aðstandenda,**
**Haukur Árnason**
**Kolbrún Hannesdóttir**

---



✝

Útför föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**Friðriks Sveinssonar**

fyrrum heilsugæslulæknis á Reykjalundi og áður héraðslæknis á Þórshöfn,

sem lést á Hrafnistu í Reykjavík föstudaginn 23. mars, fer fram frá Áskirkju föstudaginn 6. apríl kl. 13. Þeir sem vilja minnast hans láti SÍBS njóta þess.

**Guðrún Friðriksdóttir** **Heimir Örn Jensson**
**Rósa Friðriksdóttir** **Þorsteinn Óli Kratsch**
**Jóhanna Friðriksdóttir** **Sigurður Jónsson**
**Þóra Friðriksdóttir** **Guðmundur Ragnarsson**
**Hildur Kristín Friðriksdóttir** **Sigurður Reynisson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Sigurveig Ragnarsdóttir**

sjúkraliði,
Sléttuvegi 21, Reykjavík,

lést á Grund á skírdag 29. mars. Útförin fer fram frá Grensáskirkju miðvikudaginn 11. apríl kl. 13.00.

**Ragnar Sigurðsson** **Margrét Jónsdóttir**
**Markús Sigurðsson** **Kristín Kristinsdóttir**
**Styrmir Sigurðsson** **Halldóra G. Ísleifsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Bergljót Garðarsdóttir Sleight**

bókasafnsfræðingur,

andaðist föstudaginn langa, 30. mars, á hjúkrunarheimilinu Skjóli. Jarðarför auglýst síðar.

**Þórunn Patricia Sleight** **Barry Charles Woodrow**
**Peter Garfield Sleight**
**Eileen Sleight**
**Magnús Már Björnsson Sleight**
**Erik Anthony Sleight**

---



✝

Ástkær móðir mín og amma,

**Rósa Sigríður Sigurðardóttir**

sjúkraliði,
Skipholti 15, Reykjavík,

lést á Landspítalanum laugardaginn 31. mars. Útförin verður auglýst síðar.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Þrúða Sif Einarsdóttir og Bjartur Logi Indiönu- Kristinsson**

---



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma, systir og vinur,

**Edda Baldursdóttir**

íþróttakennari,
Neðstaleiti 2, Reykjavík,

lést á Kanaríeyjum föstudaginn 2. mars. Bálför hefur þegar farið fram á Kanaríeyjum að ósk hinnar látnu og verður jarðsungið frá Garðakirkju mánudaginn 9. apríl klukkan 11.

**Baldur Hans Úlfarsson** **Heiðrún Jensdóttir**
**Anna Klara Hreinsdóttir** **Bragi Bjarnason**
**Hreinn Hreinsson** **Olga Másdóttir**
**Orri Hreinsson** **Þóra Björk Þórhallsdóttir**
**Klara Baldursdóttir** **Björk Baldursdóttir**
**Brynjólfur Ingólfsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Örn Pálsson**

Strandvegi 13,
Garðabæ,

lést á nýrnadeild Landspítalans 2. apríl. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hans er bent á styrktarsjóð Félags nýrnasjúkra, www.nyra.is banki: 0334-26-001558, kt. 670387-1279. Jarðarför verður auglýst síðar.

**Margrét Haraldsdóttir**
**Auður Arnardóttir** **Ingi Rafn Össurarson**
**Valdís Arnardóttir** **Þorlákur Runólfsson**
**Haraldur Arnarson** **Erla María Andrésdóttir**
**og barnabörn.**

---

## Merkisatburðir

**1949** Tólf þjóðir skrifa undir Norður-Atlantshafssáttmála og mynda þannig Atlantshafsbandalagið (NATO)

**1964** Bítlarnir eiga smáskífur í fimm efstu sætum bandaríska Billboard-listans.

**1968** Martin Luther King yngri er myrtur.

**1970** Rúgbrauðsgerðin í Reykjavík stórskemmist í eldi.

**1974** Seðlabankinn byrjar að selja þjóðhátíðarmynt að verðgildi 500 kr., 1.000 kr. og 10.000 kr. og rennur ágóðinn í þjóðhátíðarsjóð.

**1975** Fyrirtækið Microsoft er stofnað af Bill Gates og Paul Allen í Albuquerque í Nýju-Mexíkó.

**1991** Sautjánda og síðasta bindi Alþingisbóka Íslands kemur út. Útgáfan hefur staðið yfir frá 1912.

---



✝

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Örn Stefánsson**

lést á hjúkrunarheimilinu Mörk mánudaginn 26. mars. Útförin fer fram frá Guðríðarkirkju föstudaginn 6. apríl kl. 15.

**Gunnar Örn Arnarson** **Ásta Gunnarsdóttir**
**Helga Sigríður Magnúsdóttir** **Róbert Hannesson**
**Guðný Rósa Magnúsdóttir** **Guðlaugur Gunnarsson**
**María Magnúsdóttir**
**Guðjón Magnússon** **Kolbrún Kópsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Katrín Hildur S. Thorstensen**

(Lilla),
áður til heimilis að Gullsmára 10 og Granaskjóli 9,

lést miðvikudaginn 28. mars. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Örn Thorstensen** **Guðbjörg Grétarsdóttir**
**Ágúst Thorstensen** **Helga Linda Gunnarsdóttir**
**Rikard Thorstensen** **Sigríður Steinunn Sigurðardóttir**
**Ölver Thorstensen** **Kristín Eggertsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Iðunn Ágústsdóttir**

myndlistarkona,

lést þriðjudaginn 27. mars á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Hlíð. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju miðvikudaginn 11. apríl kl. 13.30.

**Elísabet Magnúsdóttir** **Ásgeir Harðarson**
**Guðmundur Magnússon** **Aðalbjörg Stefánsdóttir**
**Sigurður Magnússon** **Aníta Jónsdóttir**
**Magnús Ingi Magnússon** **Dagmar Dögg Þorsteinsdóttir**
**Eiríkur Arnar Magnússon** **Guðrún Ásta Þrastardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Alúðarþakkir færum við þeim sem sýndu okkur hlýhug og samúð við andlát föður okkar, tengdaföður, afa, langafa og langalangafa,

**Birgis Halls Erlendssonar**

skipstjóra,
Hraunvangi 1, Hafnarfirði.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki á L2 á Landakoti fyrir kærleiksríka umönnun.

**Arndís Birgisdóttir** **Kristján Haraldsson**
**Erlendur Þorsteinn Birgisson**
**Hallur Birgisson** **Kristín Dóra Karlsdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarn.**



Elsku faðir okkar, tengdafaðir, afi,
langafi og langalangafi,

**Sveinn Ólafsson**

frá Þingeyri,
fv. vélstjóri
í Áburðarverksmiðju ríkisins,

lést á Hrafnistu í Reykjavík mánudaginn
26. mars. Útför hans fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík
fimmtudaginn 5. apríl klukkan 15.00.

**Ingigerður Sveinsdóttir Magnús Wang**
**Jón Rúnar Sveinsson Valgerður Árnadóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**



Eiginmaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Ingimundur Sigfússon**

forstjóri og sendiherra,

verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni
í Reykjavík miðvikudaginn 4. apríl
klukkan 11.

**Valgerður Valsdóttir**
**Valur Ingimundarson**
**Sigfús Ingimundarson Birgitta Bára Hassenstein**
**Ingimundur Bergmann Sigfússon**
**Guðmundur Steinn Sigfússon**



Elskulegur faðir, tengdafaðir,
afi og langafi okkar,

**Gísli Sævar Hafliðason**

múrarameistari,

lést þann 21.03. 2018
á Landakotsspítala. Útförin fór fram
í kyrrþey, að ósk hins látna, frá
Kirkju óháða safnaðarins þann 27.03. 2018.

**Aðstandendur.**



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda
samúð og vinarhug vegna andláts og
útfarar ástkærrar eiginkonu, móður,
tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Ragnhildar Gunnlaugsdóttur**

Strandvegi 21, Garðabæ.

Sérstakar þakkir til Heimahlynningar
og líknardeildar LSH í Kópavogi fyrir einstaka
umönnun og alúð.

**Gunnar Skarphéðinsson**
**Gunnlaugur Gunnarsson Sigrún Guðlaugsdóttir**
**Elín Gunnarsdóttir Ari H. Richardsson**
**Kristján Gunnarsson**
**Edda Gunnarsdóttir Garðar Guðmundsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Ástríður Helga Jónasdóttir**

Brákarhlíð, Borgarnesi,

lést á Brákarhlíð, Borgarnesi,
miðvikudaginn 28. mars.
Útför hennar fer fram frá Borgarneskirkju
laugardaginn 7. apríl kl. 14.

**Jónas Hólm Jónsson Valgerður Stefanía Finnbogadóttir**
**Bragi Jónsson Sonja Hille**
**Sigurður Páll Jónsson Hafdís Björgvinsdóttir**
**Einar Helgi Jónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær sonur minn, faðir,
vinur, bróðir og mágur,

**Gústaf Ólafsson**

Sundsvall, Svíþjóð,

lést þann 29. janúar síðastliðinn.
Minningarathöfn fer fram laugardaginn
7. apríl kl. 14.00 í Skálholtskirkju.

**Ólafur Þór Jónasson**
**Theodor og Doris Anna**
**Maria Meijer**
**Jónas Ólafsson, Ingvar Ólafsson**
**og fjölskyldur.**



Ástkær eiginmaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Friðrik Sigurlíni Friðriksson**

húsgagnasmíðameistari,
frá Látrum í Aðalvík,
Lindasmára 95, Kópavogi,

lést á Landspítalanum í Fossvogi
sunnudaginn 25. mars síðastliðinn. Útförin fer fram frá
Garðakirkju á Álftanesi föstudaginn 6. apríl klukkan 11.00.
Blóm og kransar eru afþakkaðir en þeim sem vilja minnast
hans er bent á Ás styrktarfélag.

**Anna Þorbjörg Jónsdóttir**
**Ingveldur Kristín Friðriksdóttir**
**Friðrik Ari Friðriksson**
**Sigurjón Hermann Friðriksson Dóra Elísabet Sigurjónsdóttir**
**barnabörn.**



Elskulegur faðir okkar, afi og langafi,

**Stefán Jónas Guðmundsson**

skipstjóri,
Akureyri,

er látinn.

**Kristmundur Stefánsson**
**Hanna Kristín Stefánsdóttir**
**Sigurlín Guðrún Stefánsdóttir**
**Stefán Friðrik Stefánsson**
**Thelma Rut Stefánsdóttir**
**barnabörn og langafabörn.**



Elskuleg móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

**Þórunn Ólafía Júlíusdóttir**

Hrísalundi 18g, Akureyri,

lést þriðjudaginn 27. mars.
Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju
föstudaginn 6. apríl kl. 13.30.

**Jóhann F. Stefánsson**
**Sigríður J. Stefánsdóttir**
**María S. Stefánsdóttir Ásgeir G. Hjálmarsson**
**Bára M. Stefánsdóttir Margrét Þ. Þórsdóttir**
**Dúa Stefánsdóttir Jón Ó. Ferdinandsson**
**Hugrún Stefánsdóttir Jón H. Thorleifsson**
**ömmu- og langömmubörn.**



Innilegar þakkir fyrir samúð, vináttu
og hlýhug vegna andláts móður
minnar, tengdamóður og langömmu,

**Maríu Hildar Guðmundsdóttur**

sem lést 24. febrúar 2018. Kærar þakkir til
starfsfólks og íbúa Vitatorgs. Sérstakar
þakkir fær starfsfólk hjúkrunarheimilisins Sunnuhlíðar
fyrir einstaka umönnun og hlýhug í hennar garð.

**Rannveig Sigurgeirsdóttir Sverrir Jónsson**
**Erla Jóna Sverrisdóttir**
**Aron Logi Andrason, Skarphéðinn Eli Andrason**



Elsku mamma okkar,
tengdamamma, amma og langamma,

**Anna Sigurlína Steingrímsdóttir**

Álftamýri 52, 108 Reykjavík,

verður jarðsungin frá Háteigskirkju
föstudaginn 6. apríl kl. 13.

**Guðrún S. Guðmundsdóttir Valdimar Gíslason**
**Magnús Örn Guðmundsson Sigrún Hjörleifsdóttir**
**Grettir Ingi Guðmundsson Hrönn Harðardóttir**
**Óðinn Ari Guðmundsson Iðunn Lárusdóttir**
**Halldór Þór Guðmundsson Sigrún Þóranna Friðgeirsdóttir**
**Rebekka Rós Guðmundsdóttir Kristján Róbert Walsh**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Elskuleg mágkona mín
og föðursystir okkar,

**Nanna Emilsdóttir**

Dalbraut 20,
Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Eir
28. mars 2018. Útför hennar fer fram frá
Grafarvogskirkju fimmtudaginn 5. apríl kl. 13.00.

**Erna Helga Þórarinsdóttir**
**Hafsteinn Daníelsson Marta Árnadóttir**
**Þór Daníelsson Siv H. Franksdóttir**
**Helga Daníelsdóttir Sævar Jónsson**



Ástkær eiginmaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir,
afi, langafi og langalangafi,

**Vilhjálmur Guðmundsson**

Heimatúni 2,
Álftanesi,

lést á Sólvangi í Hafnarfirði föstudaginn
30. mars. Útför auglýst síðar.

**Alda Guðbjörnsdóttir**
**Dagbjört Vilhjálmsdóttir**
**Óli Björn Vilhjálmsson**
**Hjördís Vilhjálmsdóttir Guðjón Á. Sigurðsson**
**Guðbjörn Vilhjálmsson**
**Gíslína Vilhjálmsdóttir**
**Vilhjálmur S. Vilhjálmsson Tanja Stepansdóttir**
**Sveinn Svanur Antonsson Kristín Ingvadóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**



Ástkær eiginmaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Eiríkur Bogason**

fyrrverandi framkvæmdastjóri
Samorku,

lést 23. mars síðastliðinn. Útför hans
fer fram frá Fossvogskirkju fimmtudaginn
5. apríl næstkomandi klukkan 13. Blóm og
kransar vinsamlegast afþakkaðir.

**Guðbjörg Ólafsdóttir**
**Soffía Eiríksdóttir Bernharð Ólason**
**Karl Eiríksson Jóna Sigríður Jónsdóttir**
**barnabörn.**



Elskuleg móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

**Katrín Signý Hákonardóttir**

lést þann 20. mars sl.

Útförin hefur farið fram í kyrrþey að
ósk hinnar látnu.

**Hákon Pálmi Elíson**
**Sævar Örn Elíson**
**Sonja Elídóttir**
**Ragnar Páll Haraldsson**
**tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**



Minn kæri eiginmaður,
faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Guðjón Þorbjörnsson**

bifvélavirkjameistari,

kvaddi þann 16. mars. Jarðsungið
verður frá Garðakirkju föstudaginn 6. apríl
kl. 15. Aðstandendur þakka öllum, sem
komið hafa að aðhlynningu Guðjóns sl. ár,
fyrir góða umönnun og hlýhug.

**Hulda Árnadóttir**
**Valdís Guðjónsdóttir Ossa Günter Ossa**
**Þorbjörn Guðjónsson Sóley Björg Færseth**
**afa- og langafabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og
útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða
hringja í síma 512 5407.

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Miðvikudagur

Stíf norðlæg átt í dag og svalt í veðri, einna hvassast austast. Léttskýjað sunnan og suðvestan til, en áfram snjókoma eða él annars staðar.




### Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 1° | -3° | -3° |
| ↙ 8 | ↙ 6 | ↙ 6 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| -3° | 1° | -6° |
| ↓ 10 | ↙ 9 | ↙ 7 |

### Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 2° | -1° | -3° |
| ↖ 4 | ↗ 13 | ↑ 4 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| -5° | -0° | -6° |
| ↗ 2 | ← 3 | ↑ 3 |

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | | | | | 5 | | | 6 |
| | | 5 | 9 | 6 | | | | |
| 8 | | 3 | | | 2 | | 5 | |
| 3 | 7 | 1 | | 5 | | | | |
| 4 | | | 2 | | 9 | | 6 | |
| | | 6 | 3 | 8 | | | | |
| | | | 4 | 2 | 6 | 7 | 8 | |
| | 3 | | 7 | | | 5 | 1 | |
| | | | | | | | 2 | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 4 | 6 | 9 | 3 | |
| 6 | 8 | | | 5 | | | | 4 |
| | | | 1 | | | 5 | | |
| 7 | 2 | | 6 | | | 4 | | |
| 5 | 6 | 8 | 9 | | | 1 | | |
| | | | | 1 | 2 | | 8 | |
| 4 | | | | | 5 | | | 1 |
| 8 | | 7 | | | | 6 | | |
| | | | 4 | 9 | | | 7 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 7 | | | | 1 | | 8 | |
| 5 | 8 | | | | | 9 | | 1 |
| | | 2 | 3 | | | | | |
| 4 | 5 | | | | | | | |
| | | | | | | | 1 | |
| | | 3 | | 9 | 7 | 2 | | |
| | 3 | 6 | | 2 | | | 9 | |
| | 9 | | | 4 | | 3 | | |
| | | 8 | | | | | | |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. hnupla
5. næði
6. rómversk tala
8. alþýðu
10. tveir eins
11. litningar
12. krakki
13. ríki í arabíu
15. fokdýr
17. geil

**LÓÐRÉTT**
1. styrktar-strengur
2. fita
3. bókstafur
4. helber
7. orðstír
9. land í afríku
12. dangl
14. farvegur
16. rún




**LÁRÉTT: 1.** stela, **5.** tóm, **6.** lm, **8.** almúga, **10.** gg, **11.** gen, **12.** barn, **13.** íran, **15.** rándýr, **17.** skarð.
**LÓÐRÉTT: 1.** stagvír, **2.** tólg, **3.** emm, **4.** alger, **7.** mannorð, **9.** úganda, **12.** bank, **14.** rás, **16.** ýr.

## Skák Gunnar Björnsson

Hinn þrettán ára Þjóðverji Vincent Keymer (2.403) átti leik gegn Richard Rapport (2.715) á GRENKE Chess Open-mótinu.

**Svartur á leik**

**43.…Bxh3! 44. Kg1** (44. gxh3 Hxh3+ 45. Hh2 Hg3! og vinnur). **44.…Hg7 45. Rh4 Hxf2 46. Kxf2 Hxg2+! 47. Rxg2 Dxg2+ 48. Ke1 Df1+ 49. Kd2 Bg4! 50. De8+ Ka7 51. Dxa4 Df2+ 0-1.** Keymer vann afar óvæntan sigur á mótinu.

**www.skak.is:** GRENKE-mótið.



| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 4 | 5 | 9 | 8 | 1 | 6 | 3 | 2 |
| 6 | 2 | 1 | 7 | 3 | 5 | 4 | 9 | 8 |
| 3 | 8 | 9 | 2 | 4 | 6 | 1 | 5 | 7 |
| 9 | 3 | 8 | 4 | 1 | 7 | 2 | 6 | 5 |
| 1 | 6 | 2 | 5 | 9 | 8 | 7 | 4 | 3 |
| 4 | 5 | 7 | 3 | 6 | 2 | 8 | 1 | 9 |
| 8 | 7 | 3 | 6 | 5 | 4 | 9 | 2 | 1 |
| 2 | 9 | 6 | 1 | 7 | 3 | 5 | 8 | 4 |
| 5 | 1 | 4 | 8 | 2 | 9 | 3 | 7 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 9 | 7 | 4 | 2 | 3 | 5 | 1 | 6 |
| 4 | 6 | 2 | 5 | 1 | 8 | 3 | 7 | 9 |
| 1 | 3 | 5 | 6 | 7 | 9 | 2 | 4 | 8 |
| 5 | 2 | 8 | 7 | 3 | 1 | 9 | 6 | 4 |
| 3 | 4 | 9 | 8 | 5 | 6 | 1 | 2 | 7 |
| 6 | 7 | 1 | 2 | 9 | 4 | 8 | 3 | 5 |
| 2 | 5 | 3 | 9 | 6 | 7 | 4 | 8 | 1 |
| 7 | 1 | 4 | 3 | 8 | 5 | 6 | 9 | 2 |
| 9 | 8 | 6 | 1 | 4 | 2 | 7 | 5 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 2 | 7 | 1 | 3 | 6 | 5 | 4 | 8 |
| 1 | 8 | 3 | 5 | 9 | 4 | 6 | 2 | 7 |
| 4 | 5 | 6 | 7 | 8 | 2 | 1 | 9 | 3 |
| 6 | 7 | 8 | 3 | 1 | 9 | 4 | 5 | 2 |
| 2 | 9 | 1 | 4 | 5 | 8 | 7 | 3 | 6 |
| 3 | 4 | 5 | 6 | 2 | 7 | 8 | 1 | 9 |
| 5 | 6 | 4 | 9 | 7 | 3 | 2 | 8 | 1 |
| 7 | 3 | 2 | 8 | 4 | 1 | 9 | 6 | 5 |
| 8 | 1 | 9 | 2 | 6 | 5 | 3 | 7 | 4 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.


HITACHI SKJÁVARPAR Í MIKLU ÚRVALI



OG BÚNAÐUR SEM LÆTUR ÞIG LÍTA VEL ÚT Á FUNDUM

SKOÐAÐU ÚRVALIÐ Á EXTON.IS

EXTON Ljós - Hljóð - Mynd


## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





FRÉTTABLAÐIÐ.IS

Stendur undir nafni

FRÉTTABLAÐIÐ FRÉTTABLAÐIÐ APP FRÉTTABLAÐIÐ.IS

# GLAMOUR

# ÁSKRIFTARTILBOÐ

5 tölublöð af Glamour, send heim að dyrum + EGF Serum frá Bioeffect

## AÐEINS 9.990 kr.

Heildarverðmæti pakkans er 19.900 kr.







EGF serum húðdroparnir frá Bioeffect eru margverðlaunuð vara sem hefur farið sigurför um heiminn. Öflugt og hreint serum sem eykur kollagen- og elastínmyndun húðarinnar, auk þess að draga úr hrukkum, gefur henni meiri raka og eykur þykkt hennar.

* Aðeins takmarkað magn í boði
– fyrstir koma, fyrstir fá!

## Þrjár auðveldar leiðir til að skrá sig í áskrift

1. Farðu inn á Glamour.is og skráðu þig í áskrift
2. Hringdu í síma: 512 5550
3. Sendu okkur tölvupóst á glamour@glamour.is

FYLGSTU MEÐ OKKUR Á SAMFÉLAGSMIÐLUNUM

Facebook – Glamour Iceland
Instagram @glamouriceland #glamouriceland
Twitter - GlamourIceland




MISTRAL HOME
SÆNGURFÖT

Sængurfötin frá Mistral home eru úr bómullarsatíni, með vönduðum hnöppum. Þau eru ofin úr 300 gsm bómullarþræði sem tryggir frábæra endingu, viðkomu og mýkt.


REGENCY SCOTT - taupe-red


COLOURBLOCK - greyge


DIYANA - coral


REGENCY SCOTT - soft-blue


VOID - pearl-white


CASSINI - black-white


ALTO - greige-blue


WILLIAM - taupe-pink


DIYANA - coral


REGENCY SCOTT - soft-blue

Afgreiðslutími Rvk
Mánudaga til föstudaga kl. 10–18
Laugardaga kl. 11–17
Sunnudaga kl. 13–17 (Smáratorgi)
www.dorma.is

Holtagörðum, Reykjavík
Smáratorgi, Kópavogi
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiði 1, Ísafirði

DORMA
Láttu drauminn rætast




Á námskeiðinu segir Dóra að farið verði yfir tækni og aðferðir við sketsakrif, hlegið og lært. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Þemað er umburðarlyndi

**Barnakvikmyndahátíð hefst í Bíói Paradís á morgun með opnunarhátíð, sem forseti Íslands heiðrar ásamt fjölskyldu sinni. Frítt er á opnunina. Krakkar eru hvattir til að mæta í búningi.**

Opnunarmynd barnakvikmyndahátíðarinnar í Bíói Paradís er Doktor Proktor og tímabaðkarið sem er ævintýramynd fyrir börn á öllum aldri, byggð á vinsælum barnabókum norska rithöfundarins Jo Nesbø. Hún hefur verið talsett á íslensku og fer síðan í almennar sýningar.

Hátíðin hefst á morgun klukkan 17 og þar verða bæði forsetinn og Vísinda-Villi mættir. Hún stendur út vikuna og hver kvikmyndasýningin rekur aðra. Þemað í ár er umburðarlyndi og verndari hátíðarinnar er Vigdís Finnbogadóttir.

Einn viðburðanna er ókeypis námskeið fyrir 13 til 15 ára sem nefnist Kanntu skets að skrifa og er í umsjá Dóru Jóhannsdóttur leikkonu. Þó að Dóra sé alltaf að halda sketsanámskeið í framhaldsskólum, fyrirtækjum og víðar þá kveðst hún aldrei hafa verið með þessum aldurshópi áður. Því sé hún mjög spennt. „Við munum skoða sketsa héðan og þaðan, greina þá og fara yfir undirstöðuatriði við sketsaskrif. Skyldi vera einhver gullin regla sem allir sketsar byggja á?

„Ja, það er svona gullinsnið. Þetta er fag með vissri tækni og aðferðum sem við förum yfir og hlæjum og lærum á meðan. Það eru alls konar atriði sem við pælum í.“

Dóra segir flesta einstaklinga fyndna og húmoríska inn við beinið, svo það sé yfirleitt ekki vandamálið. Það sem skipti mestu máli í sketsaskrifum sé að skrifa sem mest, helst helmingi meira en það sem notað er, til að geta valið úr. Láta svo vini sína og vandamenn lesa yfir og endurskrifa sem oftast. „Fyrsta uppkast þarf ekki að vera neitt fyndið.“

En verða þættirnir leiknir í framhaldinu? „Af því að við hittumst bara í þetta eina skipti getum við kannski ekki búið til heilu sketsana, heldur bara fengið hugmyndir að þeim,“ svarar Dóra og segir margar aðferðir til þess. Hugmyndirnar geti komið úr eigin lífi og umhverfi, úr steríótýpum, karakterum úr bíómyndum eða þáttum sem við höfum séð. „Það er hægt að fá innblástur alls staðar og við förum yfir nokkrar aðferðir til þess.“

**gun@frettabladid.is**

## Meðal atriða á barnakvikmyndahátíðinni



- **Doktor Proktor og tímabaðkarið – með íslensku tali**
- **Doktor Proktor og prumpuduftið – með íslensku tali**
- **Nonni og Manni – fyrstu tveir sjónvarpsþættirnir. Þeir verða sýndir 6. apríl klukkan 18 og á eftir verður Spurt og svarað með Einari Erni Einarssyni (Manna), Ágústi Guðmundssyni leikstjóra og vonandi Garðari Thór Cortes (Nonna) sem verður með í gegnum Skype**
- **Jurassic Park – 25 ára afmælissýning**
- **Stand by Me**
- **Grænuvellir sjúklegt svínarí – með íslensku tali**
- **Krummi klóki – með íslensku tali**
- **Benji the Dove – með ensku tali**
- **Bandarísk endurgerð á íslensku kvikmyndinni Benjamín dúfa frá 1995, sem byggð var á verðlaunasögu Friðriks Erlingssonar**
- **Martha and Niki**
- **In This Corner of the World**
- **Lokamynd hátíðarinnar er Adam, ný mynd eftir íslenska leikstjórann Maríu Sólrúnu**

*Heimasíða hátíðarinnar er: https://bioparadis.is/barnakvikmyndahatid/*


FRÉTTABLAÐIÐ.IS
Stendur undir nafni




BIO ★ PARADIS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

| | |
|---|---|
| Loving Vincent | 18:00, 20:00 |
| Narzeczony ENG SUB | 17:45 |
| Spoor | 17:30 |
| The Shape Of Water | 20:00 |
| Andið eðlilega ENG SUB | 20:00 |
| Hleyptu Sól í hjartað | 22:00 |
| The Florida Project | 22:30 |
| Loveless | 22:30 |



# Hvað? Hvenær? Hvar?
## Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is



Garðyrkjufræðingurinn Guðríður Helgadóttir fjallar um helstu vorverkin í garðinum í Borgarbókasafninu í Gerðubergi í dag. Það fer að koma tími á þetta.

## 4. APRÍL 2018

### Tónlist

**Hvað?** Tiny Moving Parts (US) á Gauknum
**Hvenær?** 19.00
**Hvar?** Gaukurinn, Tryggvagötu
Tiny Moving Parts frá Ameríkunni mætir á Gaukinn. Ásamt sveitinni munu koma fram: Buxnaskjónar, Tófa, Snowed In, Rythmatik. 1.500 ISK við inngang. Tónleikarnir byrja kl. 20.00.

### Viðburðir

**Hvað?** Lífsstílskaffi I Vorverkin í garðinum
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Borgarbókasafnið, Gerðubergi
Garðyrkjufræðingurinn Guðríður Helgadóttir fjallar um helstu vorverkin í garðinum með sérstakri áherslu á undirbúning matjurtaræktunar sumarsins. Jafnframt mun hún fara yfir helstu atriði sem þarf að hafa í huga til að garðurinn haldist blómlegur og fagur allt sumarið. Guðríður eða Gurrý er nú starfandi sem forstöðumaður starfs- og endurmenntunardeildar Landbúnaðarháskóla Íslands, og er með BS-gráðu í líffræði og MPM frá HÍ og garðyrkjufræðingur frá Garðyrkjuskóla ríkisins. Hún hefur unnið við garðyrkju með einum eða öðrum hætti frá unglingsárum og var jafnframt með þætti um garðyrkju á RÚV. Aðgangur ókeypis og allir velkomnir.

**Hvað?** Samflot í Árbæjarlaug
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Árbæjarlaug
Samflot er hugsað sem vettvangur fyrir fólk til að koma saman og njóta fljótandi slökunar. Flotið skilar góðri slökun sem nærir líkama og sál. Allir velkomnir. Ekki er rukkað fyrir samflotið, eingöngu ofan í laug.

**Hvað?** Sögustund fyrir yngstu kynslóðina
**Hvenær?** 17.30
**Hvar?** Bókasafn Seltjarnarness
Lesin verður bókin Sigurfljóð hjálpar öllum. Sigurfljóð vaknar eldsnemma og finnur um leið að þetta verður óvenjulegur dagur. Hún smellir ofurkossi á pabba og mömmu, fær sér grænt epli og flýgur út.

**Hvað?** Life as Metaphor | Ritsmiðja með Willonu Sloan
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Borgarbókasafnið, Kringlunni
Bandaríski rithöfundurinn Willona Sloan kennir ritsmiðjuna Life as Metaphor. Kennslan fer fram á ensku en þátttakendum er frjálst að skrifa á íslensku eða öðrum tungumálum. Hér verður kennt að nýta eigin reynslu til þess að skrifa texta með dýpi og tilfinningu, þar sem sjálfið kemur í ljós. Athugið að þátttakendur þurfa að skrá sig í smiðjuna með því að senda póst á sunna.dis.masdottir@reykjavik.is.

### Sýningar

**Hvað?** Innrás I: Guðmundur Thoroddsen
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** Ásmundarsafn
Árið 2018 eru fyrirhugaðar fjórar innrásir í sýninguna List fyrir fólkið í Ásmundarsafni, þar sem verk myndhöggvarans eru skoðuð út frá ólíkum tímabilum á ferli hans. Völdum verkum hans er skipt út fyrir verk starfandi listamanna. Fyrsti listamaðurinn í röðinni er Guðmundur Thoroddsen. Guðmundur hefur undanfarin ár beint sjónum sínum á kómískan hátt að karlmennskunni og notað til þess meðal annars skúlptúra úr keramik og viði. Gróf form og efnisnotkun Guðmundar býður upp á áhugavert samtal við verk Ásmundar.

**Hvað?** Myrkraverk
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Kjarvalsstaðir

**Hvað?** Kjarval: Líðandin – la durée
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Kjarvalsstaðir

**Hvað?** D33 Anna Fríða Jónsdóttir: Tónn
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Hafnarhúsið
Veröldin er uppfull af hljóðbylgjum á mismunandi tíðni sem við nemum með skynfærum okkar. Bylgjurnar ferðast frá sendanda til móttakanda, þær eru samskiptaform fyrir hvern þann sem leggur við hlustir. Á ferðalögum sínum hefur Anna Fríða leitað eftir samhljómi í umhverfinu, þar sem hún hlustar eftir einstökum tónum. Hún skoðar veröldina í kring um sig eins og úrval af hljóðfærum þar sem ýmislegt er í boði; pákur, píanó, bjöllur og strengir. Hún fangar þessar hljóðbylgjur og býr þeim til form í verkum sínum. Hún gerist hljómsveitarstjóri náttúrunnar þegar hún stendur uppi á trjábol og stjórnar skógarsinfóníu, býr til tónlist úr heilabylgjum og reynir að hafa áhrif á þær með rödd sinni, smíðar tónverk úr snörpum vindhviðum og undirtónum öldunnar.

**Hvað?** Innblásið af Aalto: með sjálfbærni að leiðarljósi
**Hvenær?** 11.00
**Hvar?** Norræna húsið
Sýningin tekur fyrir húsgagnaog aðra innanhússhönnun eftir finnska arkitektinn Alvar Aalto, sem og valda meistarahönnuði sem hafa starfað undir áhrifum frá Aalto. Allir hönnuðir á sýningunni eiga sammerkt að hafa unnið fyrir hönnunarfyrirtækið Artek, sem Alvar Aalto var meðstofnandi að árið 1935. Markmiðið með sýningunni er ekki bara að kynna hina einstöku hönnun Aalto, heldur einnig framsýnar hugmyndir hans um gæði, sjálfbærni og sambandið milli góðrar hönnunar og betra samfélags.

**Hvað?** Anamnesis – Myndlist í anddyrinu
**Hvenær?** 11.00
**Hvar?** Norræna húsið
Landslag, sérstaklega vetrarlandslag, hefur gengt mikilvægu hlutverki í málverki Aki Koskinen. Tré eru fastur þáttur í verkum hans enda hefur hann ætíð búið við þétt skógarsvæði, eins og hann sjálfur segir frá. Verk Aki endurspegla þau áhrif sem hann verður fyrir í löngum göngutúrum í náttúrunni, bæði úr nútíð og fortíð. Látlaus litasamsetning í myndum hans endurspeglar friðsæld mannlausra finnskra skóga að vetrarlagi.


FÁNAR
LÍMMIÐAR
AUGLÝSINGASKILTI
Þú hannar og pantar á vefnum hjá okkur.
Við gefum hugmyndum þínum vængi sem sjást.
FjölPrent
Gefur hugmyndum vængi
Fjölprent
Norðlingabraut 14
fjolprent.is
S. 581 4141



HAMPIÐJAN
Aðalfundur
Aðalfundur Hampiðjunnar hf. verður haldinn að Skarfagörðum 4, Reykjavík, miðvikudaginn 18. apríl 2018 og hefst kl. 16:00.

Á dagskrá fundarins verða:

1. Venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt samþykktum félagsins.
2. Tillaga um heimild félagsstjórnar til kaupa á eigin hlutum skv. 55. gr. hlutafélagalaga.
3. Önnur mál, löglega upp borin.

Dagskrá, endanlegar tillögur ásamt ársreikningi félagsins munu liggja frammi á skrifstofu félagsins, hluthöfum til sýnis, tveimur vikum fyrir aðalfund.

Atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent á fundarstað.

Framboðsfrestur vegna stjórnarkjörs rennur út fimm dögum fyrir upphaf aðalfundar.

Tillögur frá hluthöfum, sem bera á fram á aðalfundi, skulu hafa borist í hendur stjórnar með skriflegum hætti eigi síðar en 10 dögum fyrir aðalfund.

Hluthafar sem ekki geta sótt fundinn, en hyggjast gefa umboð, þurfa að gera það skriflega eða með rafrænum hætti og þannig að dagsetning komi fram.

Stjórn Hampiðjunnar hf.
HAMPIÐJAN





# DAGSKRÁ

## Miðvikudagur



**HEIMSÓKN**
KL. 20:20
Hún býr í einstöku og fallegu húsi í Skerjafirðinum með flottum garði í miðjunni. Sindri bankar upp á hjá Áslaugu Kristjánsdóttur kynfræðingi sem mun gefa okkur góð ráð, ekki bara fyrir heimilið heldur kynlífið líka.

Magnaður
**Miðvikudagur**
Fáðu þér áskrift á **365.is**

**JAMIE´S 15 MINUTE MEALS**
KL. 19:30
Hressandi matreiðsluþættir með meistara Jamie Oliver þar sem hann sýnir okkur á sinn einstaka hátt hvernig á að útbúa girnilega máltíð á aðeins 15 mínútum.




**GREY´S ANATOMY**
KL. 20:45
Stórskemmtileg sería þessara vinsælu dramaþátta sem gerast á skurðstofu á Grey-Sloan spítalanum í Seattle-borg þar sem starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar.



**MARY KILLS PEOPLE**
KL. 21:35
Áhrifamiklir og óvenjulegir þættir um Mary Harris sem er einhleyp móðir og læknir á bráðadeild á daginn en á nóttunni aðstoðar hún veikt fólk við að komast yfir móðuna miklu.



**NASHVILLE**
KL. 22:20
Skemmtileg sería af þessum frábæru þáttum þar sem kántrí-söngkonurnar Rayna Jaymes og Juliette Barnes eiga í stöðugri valdabaráttu.



**BURNT**
KL. 22:00
Listakokkurinn Adam Jones var í frábærum málum en klúðraði öllu með skelfilegum ósiðum sem komu honum í koll á framabrautinni.



**KRYPTON**
KL. 21:15
Æsispennandi nýir þættir sem gerast fyrir 200 árum á plánetunni Krypton. Söguhetjan okkar er forfaðir hins eina sanna ofurmennis sem við þekkjum í dag.




Allt þetta og meira til á aðeins 333 kr. á dag.
365.is




### STÖÐ 2

**07.00 The Simpsons**
**07.20 Blíða og Blær**
**07.45 The Middle**
**08.10 Mindy Project**
**08.30 Ellen**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 The Doctors**
**10.20 Grand Designs**
**11.10 Spurningabomban**
**12.00 Gulli byggir**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 10 Puppies and Us**
**14.00 Heilsugengið**
**14.25 Major Crimes**
**15.10 The Night Shift**
**15.50 The Path**
**16.35 Anger Management**
**17.00 Bold and the Beautiful**
**17.20 Nágrannar**
**17.45 Ellen**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.55 Ísland í dag**
**19.10 Sportpakkinn**
**19.20 Fréttayfirlit og veður**
**19.25 Jamie's 15 Minute Meals**
**19.50 The Middle**
**20.15 Heimsókn**
**20.40 Grey's Anatomy** Fjórtánda syrpa þessara vinsælu dramaþátta sem gerast á skurðstofu á Grey-Sloan-spítalanum í Seattle-borg þar sem starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar. Flókið einkalíf ungu læknanna á það til að gera starfið ennþá erfiðara.

**21.25 Mary Kills People**
**22.15 Nashville** Fimmta syrpa þessara frábæru þátta þar sem tónlistin leikur stórt hlutverk. Þættirnir fjalla um kántrísöngkonurnar Raynu Jaymes og Juliette Barnes sem eiga í stöðugri valdabaráttu. Með aðalhlutverk fara Connie Britton og Hayden Panettiere og með önnur hlutverk fara söngsysturnar góðkunnu Lennon og Maisy.

**23.00 The Girlfriend Experience**
**23.25 The Good Doctor**
**00.45 Liar**
**01.35 Liar**
**02.20 Liar**
**03.05 Liar**
**03.50 Outsiders**
**04.35 Against the Law**
**06.00 The Middle**
**06.25 Mindy Project**

### STÖÐ 2 SPORT

**07.30 Sevilla - B. München**
**09.10 Juventus - Real Madrid**
**10.50 Meistaradeildarmörkin**
**11.20 Fullham - Leeds**
**13.00 Spænsku mörkin**
**13.30 Premier League Review**
**14.25 Sevilla - B. München**
**16.05 Juventus - Real Madrid**
**17.45 Meistaradeildarmörkin**
**18.15 Meistaradeildarupphitun**
**18.40 Liverpool - Manchester City**
**20.45 Meistaradeildarmörkin**
**21.15 Barcelona - Roma**
**23.05 Leikur 1 í undanúrslitum A**

### STÖÐ 2 SPORT 2

**07.25 Keflavík - Valur**
**09.05 Fram - ÍBV**
**10.35 San Antonio Spurs - Houston Rockets**
**12.30 Messan**
**14.00 Þýsku mörkin**
**14.30 Keflavík - Valur**
**16.10 Fram - ÍBV**
**17.40 Seinni bylgjan**
**18.40 Barcelona - Roma**
**20.45 Liverpool - Manchester City**
**22.35 Valur - Haukar**

### STÖÐ 3

**19.10 The New Girl**
**19.35 Entourage**
**20.00 Seinfeld**
**20.45 Friends**
**21.10 Stelpurnar**
**21.35 Krypton**
**23.05 Baptism**
**00.45 Gotham**
**01.30 The New Girl**
**01.55 Entourage**
**02.20 Seinfeld**
**02.45 Tónlist**

### STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.24 Svampur Sveinsson**
**07.49 Lalli**
**07.55 Rasmus Klumpur**
**08.00 Strumparnir**
**08.25 Hvellur keppnisbíll**
**08.37 Ævintýraferðin**
**08.49 Gulla og grænjaxlarnir**
**09.00 Stóri og Litli**
**09.13 Víkingurinn Viggó**
**09.27 Zigby**
**09.38 Mæja býfluga**
**09.50 Kormákur**
**10.00 Dóra könnuður**
**10.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**10.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**11.00 Áfram Diego, áfram!**
**11.24 Svampur Sveinsson**
**11.49 Lalli**
**11.55 Rasmus Klumpur**
**12.00 Strumparnir**
**12.25 Hvellur keppnisbíll**
**12.37 Ævintýraferðin**
**12.49 Gulla og grænjaxlarnir**
**13.00 Stóri og Litli**
**13.13 Víkingurinn Viggó**
**13.27 Zigby**
**13.38 Mæja býfluga**
**13.50 Kormákur**
**14.00 Dóra könnuður**
**14.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**14.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**15.00 Áfram Diego, áfram!**
**15.24 Svampur Sveinsson**
**15.49 Lalli**
**15.55 Rasmus Klumpur**
**16.00 Strumparnir**
**16.25 Hvellur keppnisbíll**
**16.37 Ævintýraferðin**
**16.49 Gulla og grænjaxlarnir**
**17.00 Stóri og Litli**
**17.13 Víkingurinn Viggó**
**17.27 Zigby**
**17.38 Mæja býfluga**
**17.50 Kormákur**
**18.00 Dóra könnuður**
**18.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**18.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**19.00 Lási löggubíll**



**Mæja býfluga klukkan 09.38, 13.38 og 17.38**

### GOLFSTÖÐIN

**08.00 ANA Inspiration**
**10.00 ANA Inspiration**
**14.00 Shell Houston Open**
**17.15 PGA Highlights**
**18.10 Golfing World**
**19.00 2018 Augusta Masters**
**21.00 Champions Tour Highlights**
**21.55 Golfing World**
**22.45 PGA Highlights**
**23.40 Golfing World**
**00.30 2018 Augusta Masters**

### STÖÐ 2 BÍÓ

**13.15 Steinaldarmennirnir**
**14.45 Girl Asleep**
**16.05 Hello, My Name Is Doris**
**17.35 Steinaldarmennirnir**
**19.05 Girl Asleep** Gamanmynd fyrir alla fjölskylduna frá 2015. Fimmtán ára afmælisdagur Gretu er í nánd og veldur henni miklum áhyggjum því hún vill ekki yfirgefa öryggi æskunnar og stíga inn í heim fullorðinna. Hún reynir því hvað hún getur að leiða tímamótin hjá sér en þegar foreldrar hennar koma henni á óvart með afmælisveislu gerast mjög einkennilegir hlutir sem fá Gretu til að sjá lífið og tilveruna í glænýju ljósi.
**20.25 Hello, My Name Is Doris**
**22.00 Burnt** Gamanmynd með dramatísku ívafi frá 2015 með Bradley Cooper og Sienna Miller ásamt fleiri þekktum leikurum. Matreiðslumaðurinn Adam Jones var í frábærum málum, en klúðraði því öllu. Hann var kokkur á tveggja Michelin-stjörnu veitingastað en á sama tíma var hann með skelfilega ósiði sem komu honum í koll. Hann var alræmdur í frönsku veitingahúsaflórunni og óútreiknanlegur, og hugsaði bara um það eitt að gera stórkostlegar bragðtegundir.
**23.40 Ricki and the Flash**
**01.25 The Gunman**
**03.20 Burnt**

### RÚV

**15.35 Hafið, bláa hafið**
**16.30 Ljósan**
**16.50 Leiðin á HM**
**17.20 Orðbragð**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Babar**
**18.22 Ormagöng**
**18.27 Sanjay og Craig**
**18.50 Krakkafréttir**
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**19.50 Menningin**
**20.00 Skólahreysti**
**20.30 Kiljan**
**21.15 Neyðarvaktin**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veður**
**22.20 Martin Luther King yngri**
**23.50 Kastljós**
**00.05 Menningin**
**00.10 Dagskrárlok**

### SJÓNVARP SÍMANS

**08.00 King of Queens**
**08.25 Dr. Phil**
**09.05 The Tonight Show**
**09.45 The Late Late Show**
**10.25 Síminn + Spotify**
**12.50 Dr. Phil**
**13.30 Speechless**
**13.50 Amazing Hotels: Life Beyond the Lobby**
**14.50 Adele: Live in New York**
**15.35 Kokkaflakk**
**16.15 Everybody Loves Raymond**
**16.40 King of Queens**
**17.05 How I Met Your Mother**
**17.30 Dr. Phil**
**18.15 The Tonight Show**
**19.00 The Late Late Show**
**19.45 9JKL**
**20.10 Survivor**
**21.00 Chicago Med**
**21.50 Bull**
**22.35 Queen of the South**
**23.25 The Tonight Show**
**00.45 Touch**
**01.30 The Catch**
**02.15 Station 19**
**03.05 Station 19**
**03.50 Síminn + Spotify**

### ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

THULE® SWEDEN

# Skíða- og snjóbrettabogar




Stilling

*Allt fyrir bílinn*

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

# Þjónustumiðstöð tónlistarfólks



TÓNASTÖÐIN
Allt fyrir tónlistarmanninn






Bros auglýsingavörur **með þínu merki**

Skoðaðu litríkt úrval og fáðu tilboð á **bros.is**

Bros auglýsingavörur
Norðlingabraut 14

25 1993-2018 BROS AUGLÝSINGAVÖRUR – með þínu merki



ALLAR KONUR ÆTTU AÐ EIGA SINN DEMANT !




Silkimjúkt sleipiefni sem veitir unaðslega tilfinningu
Endist lengi
Silicone baserað
Má nota með smokkum

Fæst í apótekum og á www.heimkaup.is og á www.njottulifsins.is






Segðu bless við sköfuna og hitaðu bílinn með Webasto bílahitara

BÍLASMIÐURINN HF
BÍLDSHÖFÐA 16
SÍMI: 567-2330

Webasto
Feel the Drive

www.bilasmidurinn.is • bilasmidurinn@bilasmidurinn.is




**Vinsældir Skálmaldar eru miklar og eftirspurnin eftir að hljómsveitin og Sinfó tækju saman höndum aftur var mikil. En Bibbi segir að þessar 12 mínútur hafi komið sér í opna skjöldu. Sjálfur var hann staddur í Bakaríinu á Húsavík að borða hádegismat þegar miðasalan hófst og hann var ekki búinn þegar nánast allir miðar voru seldir.** MYND/LALLI SIG

# Seldist upp á 12 mínútum

Miðar á tónleika Skálmaldar og Sinfó í ágúst seldust upp á örskotsstundu. Snæbjörn Ragnarsson segir að unnið sé að því hörðum höndum að setja saman þriðju tónleikana en gríðarlegur fjöldi kemur að þeim og því þurfa margir að hliðra til til að geta sagt já.

Við erum að reyna að komast að því hvort það sé hægt að fjölga tónleikum en það eru margir sem þurfa að vera á réttum stað á réttum tíma til að geta sagt já. En við erum að reyna,“ segir Snæbjörn Ragnarsson, Bibbi í Skálmöld, en í gær seldist upp á tónleika hljómsveitarinnar ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands á nokkrum mínútum. Bibbi segir að mínúturnar hafi verið 12 en síðan hafi einhverjir miðar farið aftur út í kerfið og því hafi nokkrir heppnir náð í miða.

Tónleikarnir fara fram í Eldborgarsal Hörpu 24. og 25. ágúst en hljómsveitirnar auk Karlakórs Reykjavíkur, Kammerkórsins Hymnodia og Barnakórs Kársnesskóla léku síðast saman á þrennum tónleikum árið 2013 sem slógu í gegn svo eftir var tekið.

„Við í Skálmöld erum alltaf niðri á jörðinni og maður þorir aldrei að búast við neinu. Auðvitað vonaði maður að þetta myndi ganga upp, ef maður bókar tvenna tónleika í Eldborg þá ertu að setja 3.000 miða í sölu. En þetta var svolítið öfgafullt og ég er ofboðslega feginn að þetta seldist.

Það er alltaf smá hnútur í maganum rétt áður, því að það er svo eymdarlegt í Eldborg með 100 manns í salnum, eins og það er nú gaman á Gauknum með 100 manns.

Við erum fegnir og montnir enda er þetta glæsilegt,“ segir hann.

Hljómsveitarstjóri verður Bernharður Wilkinson sem sló í gegn árið 2013 þegar hann stýrði þessu ógnarverkefni eins og höfðingi. Bibbi segir að Bernharður hafi verið meira en lítið til þegar kallið kom. „Ég veit að hann fagnaði mikið þegar við báðum hann um að stýra þessu aftur. Hann var svo risastór partur af þessu síðast og faðmaði þetta að sér. Hann talaði tungumál allra og stóð í miðjunni og stjórnaði. Um leið og þetta ferli fór af stað, að koma þessu heim og saman aftur, þá var eiginlega skilyrði að hann gerði þetta aftur.“

Síðan 2013 hafa Skálmeldingar gefið út tvær plötur og því þarf að útsetja nýju lögin upp á nýtt. Haraldur V. Sveinbjörnsson mun gera það líkt og fyrir síðustu tónleika. „Við erum ekkert að fara af stað með einhverja nýja hugmynd. Halli er að útsetja fleiri lög og við hugsum lagavalið alveg upp á nýtt. Trúlega hverfur helmingurinn af lögunum sem við spiluðum 2013 til að koma nýjum lögum fyrir. Við erum að verða búnir að ræða lagavalið og það er ekki auðvelt. Það er lúxusvandamál. Það þurfti að setjast niður og rökræða því menn voru ekki sammála,“ segir Bibbi.

**benediktboas@365.is**

## NOKKRAR FRÆGAR 12 MÍNÚTUR



- Fyrsta geimgangan, sem Alexei Leonov gekk, tók 12 mínútur þann 18. mars 1965
- Það tekur 12 mínútur. að fljúga stystu flugleið heims. Hún er frá Billy Bishop-flugvelli í Toronto til Niagara District-flugvallarins
- Hestasýningin í Friðheimum tekur 12 mínútur
- 60 kílóa manneskja þarf að sippa í 12 mínútur til að brenna einu rauðvínsglasi
- Einræða Jose Mourinho eftir tapið fyrir Sevilla í Meistaradeildinni tók 12 mínútur



- Samkvæmt bandarískri könnun kom í ljós að meðallengd kynlífs fólks er aðeins 12 mínútur

**VIÐ ERUM AÐ VERÐA BÚNIR AÐ RÆÐA LAGAVALIÐ OG ÞAÐ ER EKKI AUÐVELT. ÞAÐ ER LÚXUSVANDAMÁL.**

Snæbjörn Ragnarsson


**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson *elmar@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli@*frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@frettabladid.is*, Máté Dalmay *mate@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* og Ragnheiður Tryggvadóttir *heida@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR / FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir gudruninga@*frettabladid.is*

# KILJUR MEÐ KRAFT!




VILDARVERÐ: 3.299.-
Verð: 3.999.-

Ég er að spá í að slútta þessu




VILDARVERÐ: 3.299.-
Verð: 3.999.-

Um harðstjórn




**Flúraða konan**
VILDARVERÐ: 3.299.-
Verð: 3.999.-




**Krítarmaðurinn**
VILDARVERÐ: 3.299.-
Verð: 3.999.-




**Fyrir fallið**
VILDARVERÐ: 3.299.-
Verð: 3.999.-




**Þitt annað líf**
VILDARVERÐ: 3.299.-
Verð: 3.999.-

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími vildarverða er til og með 6. maí eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5800**

**Ritstjórn** 512 5801 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 512 5401 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja



ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.

Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.

FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is **Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**BAKÞANKAR**


Bjarna Karlssonar




## Bara einu sinni?

Fyrir skömmu varð andlát í stórfjölskyldunni og fjögurra ára nafni minn hefur orðið nokkuð hugsi. Um daginn var hann í fjallgöngu með mömmu sinni og spurði: Af hverju er fólk sett ofan í jörðina þegar það er dáið? Hún tjáði honum að það væri kannski gott að leyfa líkamanum að sameinast jörðinni og gróðrinum þegar við gætum ekki lengur notað hann. Eftir fleiri stutt skref í glaðri páskasól kom næsta spurning: Lifir maður þá bara einu sinni? Þá fékk hann að heyra söguna um Jesú þegar hann hitti vini sína eftir upprisuna. Viska trúarinnar víkur sér ekki undan veruleikanum en slær fáu föstu.

Þegar Sigurbjörn Einarsson biskup var orðinn aldraður og hafði látið af embætti var hann eitt sinn í viðtali á einhverjum ljósvakamiðlinum. Þáttarstjórinn hafði orð á því að nú væri hann orðinn eldri maður og spurði hvort hann kviði dauðanum? Já, svaraði biskupinn, og það sem verra er, ég veit ekkert hvað tekur við. Það kom heldur á spyrilinn en Sigurbjörn brosti með glampa í augum og mælti: En ég veit hver tekur við, og það nægir mér.

Kristin upprisutrú er ekki hugmyndakerfi heldur reynsla af nærveru. Líkt og foreldri huggar barn með nálægð sinni þannig er hinum trúaða huggun og styrkur af nærveru Guðs sem hvarvetna birtist, í hjarta manns jafnt sem náttúrunni og öðru fólki. Þess vegna er kristin kirkja ekki í prósentukeppni við Siðmennt um skírnir og fermingar eins og nú er hampað, en biður þess að hvert barn fái að vita að við erum öll bræður og systur og þau séu frjáls að efast og trúa á góðan Guð sem elskar allt sem lifir. Hin trúuðu halda ekki að þau séu handhafar sannleikans en þau lifa í þeirri viðleitni og von að sannleikurinn hafi hönd á þeim svo þau megi láta gott af sér leiða.


OPIÐ 24 TÍMA

Opið allan sólarhringinn í öllum verslunum

Iceland

Fermingarskraut!



Finndu okkur á

PARTÝBÚÐIN

Faxafeni 11 • Sími 534 0534




NÝTT

HAFÐU ÞAÐ NOTALEGT UM BORÐ Í WOW COMFY

Þú velur um ýmsar leiðir þegar þú flýgur með WOW air. WOW comfy er fyrir þá sem vilja aukin þægindi um borð. Innifalið er flugmiði, lítil taska eða veski, handfarangur, innrituð taska, XL eða XXL sæti og forfallavernd.

WOW air

WOWAIR.IS | WOWAIR@WOWAIR.IS